

Frjáls

PALESTÍNA

Málgagn Félagsins Ísland-Palestína – 2. tbl. 23. árg. – Nóvember 2012

Félagið Ísland-Palestína 1987-2012

25 ára

25 ára friðarbarátta

Félagið Ísland-Palestína fagnar tuttugu og fimm ára afmæli sínu um þessar mundir en það var stofnað 29. nóv. 1987. Mikið hefur áunnist í baráttunni en margt er þó eftir ógert að sögn Sveins Rúnar Haukssonar sem lengst af hefur verið formaður félagsins. Hann segir hér frá tildrögum að stofnun félagsins, hvað hefur borið hæst í starfsemi þess og því hvað er að gerast í Palestínu.

Sveinn Rúnar Hauksson hefur verið andlit baráttunnar fyrir frelsi Palestínu á Íslandi frá árinu 1991 þegar hann tók við formennsku í félaginu. Sveinn Rúnar er starfandi heimilislæknir og annað sem hann er þekktur fyrir en að vera „Palestínu-Sveinn“ er að vera helsti sérfræðingur landsins um allt er lýtur að berjasprettu og nýtingu berja. Hann býður enda upp á aðalbláberjaafurðir þegar sest er niður á heimili hans að Depluhólum í Reykjavík til að spjalla um Félagið Ísland-Palestína en í Depluhólum hefur margt verið lagt á ráðin varðandi baráttuna og tilverurétt Ísraelsríkis og rétt palestínsk flóttafólks til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna. Þar hafa margir erlendir gestir gistið sem komið hafa til að fræða Íslendinga um ástandið í Ísrael og Palestínu.

Þjóð og þing fylgjandi málstað Palestínu

„Það hittist þannig á,“ segir Sveinn Rúnar „að félagið var stofnað tíu dög-



um áður en fyrri Intifadan braust út eins og uppreisn Palestínubarna gegn hernáminu er kölluð. Félagið var stofnað á samstöðudegi Palestínu en þeim degi hafa Sameinuðu þjóðirnar staðið fyrir árlega síðan 1977. Það var einmitt á þessum degi árið 1947 sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu að skipta Palestínu nokkurn veginn í tvennt á milli Gyðinga og Araba. Eins og kunnugt er var það sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóð-

Framhald á bls. 19

Meðal efnis:

Útrýming þjóðar – í
vöggv frjórrar menningar
bls. 3

Ísrael – raunveruleikinn
og goðsagnirnar
bls. 5

Við megum ekki styðja
það að sumir hafi meiri
rétt en aðrir
bls. 7

Caterpillars – meðsekir í
morðum
bls. 9

Myndir frá mótmælafundi
19. nóvember
bls. 10

Starfsemi FÍP árið 2012
bls. 11

Þar sem sagan er við
hvert fótmál
bls. 12

Sniðgönguráðstefna í
London
bls. 19

Neyðarsöfnun Félagsins Ísland-Palestína sannar að margt smátt gerir eitt stórt. Á liðlega áratug hefur söfnunin lagt mikilsverðan skerf til hjálparstarfs á Vesturbakkanum og Gaza, þökk sé þeim hundruðum Íslendinga sem leggja okkur lið með frjálsum framlögum.





Frjáls Palestína

Málgagn Félagsins Ísland-Palestína leit dagsins ljós árið 1990, þremur árum eftir að félagið var stofnað. Í byrjun var blaðið fjölritað og blaðsíðurnar voru átta. Eins og sjá má þá hefur blaðið vaxið og dafnað og á undanförunum árum hefur það verið 24 blaðsíður og hið glæsilegasta í öllum frágangi. Margir félagsmenn hafa átt sinn þátt í útgáfunni, fjöldi þeirra hefur skrifað greinar og aðrir séð um ritstjórn og umbrot.

Auk blaðsins heldur félagið úti heimasíðu þar sem fréttir af félagsmálum eru birtar auk greinasafna um málefni Palestínu. Á heimasíðunni er hægt að nálgast upplýsingar um Félagið Ísland-Palestína, um sögu Palestínu og Ísraels, kort af Palestínu sem segja sögu svæðisins, sniðgönguherferðina o.fl. Þar er einnig hlekkur á verslun félagsins og erlendar netsíður um málefni Palestínu.

Félagið Ísland-Palestína 1987-2012

25

ára

Útrýming þjóðar í vöggu frjórrar menningar

Torfundinn mun sá staður sem á sér jafnforna menningararfleifð og langa sögu sem Palestína, það land í Miðjarðarhafsbotnum sem í minni æsku var oft kallað í skólabókum Gyðingaland, en er á okkar tíð í hugum flestra orðið hið sama og ríkið Ísrael. Þótt vart líði sá dagur að ekki séu fleiri eða færri Íslendingar á leið um þessar slóðir og af sem áður var að það sætti tíðindum að Íslendingar sæktu heim svo fjarlægt land, þá virðist enn ríkja ótrúleg fáfræði um það sem er að gerast á þessum fornu slóðum og hefur verið að gerast síðustu áratugi.



Greinin er byggð á útvarpsdagskrá, sem sam-in var af séra Rögnvaldi heitnum Finn-bogasyni, fyrsta formanni Félagsins Ísland-Palestína og flutt 29. nóvember 1987, stofndag félagsins.

inu, hinu eldforna menningarriki, svipt af landabréfinu og fólki talin trú um að bar hafi aldrei búið sérstök bið.

erfingjum þessa lands. Frá liðnum öldum eru þó fjölmargar lýsingar til á landkostum í Palestínu og menningu palestínsku þjóðarinnar allt til loka 19. aldar, og segja þær frásagnir allt aðra sögu. Eftir 1882 tóku gyðingar frá Evrópu að flytjast til Palestínu, oft að undirbúið af zionista, en þrátt fyrir þá fólksflutninga var langmestur hluti þjóðarinnar palestínskir arabar allt fram til þess að 1948. Glæpir nasista gegn gyðingum í asti bleiturinn í sögu þýskalands og raunar Evrópu allrar. Ef til vill var útrýmingarherferð nasista sá dropi er flytti mælinn. Í glundroða stýrjaldarinnar og fyrstu árunna eftir stríð virtist mörgum gyðingum þetta vera hin eina leið og lausn, að flytjast til Palestínu og hins nýja ríkis, Ísraels. Heimurinn hafði ekki áttáð ein á því að hafa minna

Útrýming þjóðar í vöggu frjórrar menningar

Séra Rögnvaldur heitinn Finn-bogasyni, sem lengst af var prestur á Staðastað á Snæfellsnesi, var fyrsti formaður Félagsins Ísland-Palestína. Hann tók við stjórnartauum þegar félagið var stofnað árið 1987 og sat þar til Sveinn Rúnar Hauksson tók við árið 1991. Séra Rögnvaldur lést árið 1995, en þessi grein sem birtist í blaðinu Frjáls Palestína árið 2000 var byggð á útvarpsdagskrá sem flutt var þann 29. nóvember 1987, á stofndegi félagsins.

Torfundinn mun sá staður sem á sér jafnforna menningararfleifð og langa sögu sem Palestína, það land í Miðjarðarhafsbotnum sem í minni æsku var oft kallað í skólabókum Gyðingaland, en er á okkar tíð í hugum flestra orðið hið sama og ríkið Ísrael.

Þótt vart líði sá dagur að ekki séu fleiri eða færri Íslendingar á leið um þessar slóðir og af sem áður var að það sætti tíðindum að Íslendingar sæktu heim svo fjarlægt land, þá virðist enn ríkja ótrúleg fáfræði um það sem er að gerast á

þessum fornu slóðum og hefur verið að gerast síðustu áratugi.

Fyrir okkur Íslendingum sem öðrum kristnum mönnum er þetta land vafið sérstökum ljóma; hér var Jesús Kristur í heiminn borinn, hér starfaði hann og hér var hann festur upp á kross. Því er það að fjölmargir sem eru kirkjunnar tengdir



Fraktir frá heimilum sínum. Íbúar bæja og byggðarlaga voru hraktir af jörðum sínum. Flestir þeirra og afkomendur hafa síðan lifað lífi flóttamannsins, í sérstökum þorpum í ýmsum löndum, en án ríkisfangs.

eiga þann draum að komast til hinna fornu helgu staða, ekki síst á hátíðum. Þar hafa eytt jólahátíðinni íslenskir prestar og kirkjukórar. Þeir hafa komið til Betlehem og án efa átt þar helga stund. – En hversu margir vita að svo sem steinsnar utan við Betlehem eru fangabúðir þar sem Palestínubörnum er haldið fyrir það eitt að vilja land sitt frjálst, vilja búa við full mannréttindi í sínu eigin landi?

Fréttaflutningur af atburðum virðist ekki til þess fallinn að upplýsa menn um raunverulega stöðu mála í þessum heimshluta heldur þvert á móti skapa hleypidóma og misskilning í því ríkara mæli sem fleira er sagt um þetta forna land, Palestínu, eða Filastin eins og það heitir á arabísku.

Mörgum öldum áður en Hebrear hinir fornu réðust inn í landið og lögðu Jeríkóborg í rúst og drápu þar allt sem lífsanda dró, stóð í Palestínu vaggja frjórrar menningar. Á þeirri tíð var í Palestínu að finna elstu þorp sem kunn eru í sögunni og menn höfðu í fasta búsetu. Og þar er einnig að finna elstu borg veraldar sem á sér 9000 ára samfellda sögu. Jeríkó er sú borg sem getur státað af elstri samfelldri byggð og er nú talin vera 4000 árum eldri en nokkur önnur borg á jarðarkringlunni. Það virðist því furðuleg kaldhæðni sögunnar að á miðri 20. öld – hinni gullnu öld mannréttinda og sjálfsákvörðunarréttar þjóða – skuli Palestínu, hinu eldforna menningarriki, svipt af landabréfinu og fólki talin trú um að þar hafi aldrei búið sérstök bið, þar hafi aldrei þróast eða verið til palestínskrar menning í nútímaskilningi þess orðs, heldur hafi þar um reikað frumstæðir Bedúínar með hjarðir sínar, sem hvorki hafi skeytt um gróður lands né annað sem til framfara horfði. Þessum hugmyndum er þó haldið á lofti á okkar dögum af þeim er þurfa að réttlæta landráð og ofbeldisverk gegn hinni fornu palestínsku þjóð, réttbornum erfingjum þessa lands.


www.palestina.is

Frá liðnum öldum eru þó fjölmargar lýsingar til á landkostum Palestínu og menningu palestínsku þjóðarinnar allt til loka 19. aldar, og segja þær frásagnir allt aðra sögu.

Eftir 1882 tóku Gyðingar frá Evrópu að flytjast til Palestínu, oft að undirlagi zionista, en þrátt fyrir fólksflutninga var langmestur hluti þjóðarinnar palestínskir arabar allt fram til þess að Ísraelsríki var stofnað á vordögum 1948. Glæpir nasista gegn Gyðingum í Evrópu á stríðsárunum eru einn svartasti bletturinn á sögu Þýskalands og raunar Evrópu allrar. Ef til vill var útrýmingarherferð nasista sá dropi er fyllti mælinn. Í glundroða styrjaldarinnar og fyrstu árunna eftir stríð virtist mörgum Gyðingum þetta vera hin eina leið og lausn, að flytjast til Palestínu og hins nýja ríkis, Ísraels. Heimurinn hafði ekki áttað sig á því að þessi sýndarlausn á vanda landflótta gyðinga var upphaf nýs vandamáls sem átti eftir að hafa hörmulegar afleiðingar fyrir aðra þjóð, Palestínuþjóðina. Það er auðvelt að leysa vanda manna sé honum velt yfir á aðra eins og gert var í þessu tilvik. – En hinir langhrjáðu Gyðingar áttu samúð heimsins 1945, einhvers staðar varð að finna þeim samastað og zionistar höfðu fyrir löngu bent á þann stað, Palestínu.

Árið 1931 voru Gyðingar í Palestínu aðeins 174 þúsund af þeirri rúmu milljón erlandið byggði. Árið 1946 voru þeir orðnir 608 þúsund en heildarfólksfjöldi þá 1.900 þúsund, og ekki lék neinn vafi á hverjir voru innfæddir og hverjir komumenn. Nú, árið 1987, eru Palestínumenn hálf fjórða milljón, en einungis þriðjungur þeirra býr í eigin landi, hinir hafa hrakist burt, flestir til nágrannalandanna. En hverjir voru og eru þessir „innfæddu“ íbúar Palestínu?

Langflestir þeirra voru súnní-múslímar, þ.e. fylgjendur spámannsins í trúarlegum efnum, þótt meðal þeirra væri einnig að finna minnihlutahópa kristinna manna, drúsa, shíta múslíma o.fl. Allir töluðu þeir arabísku og litu á sig sem araba. Um það bil 65% þeirra voru bændur er fengust við akuryrkju og bjuggu í um 500 þorpum og ræktuðu jöfnum höndum korn og ávexti. Helstu borgir Palestínumanna: Nablus, Jerúsalem, Nasaret, Akra, Jaffa, Jeríkó, Ramlah, Hebron og Haifa voru að langmestu leyti byggðar Palestínuaröbum sem héldu áfram búsetu sinni þar jafnvel eftir að herskáir innflytjendur zionista fóru að þrengja kost þeirra. Einnig var á þessum tíma í landinu fjöldi menntamanna, og má raunar segja að fá eða engin ríki araba hafi á síðari tímum átt glæsilegri fulltrúa á sviði menningarmála á að skipa en Palestínuarabbar. Rithöfundar þeirra og ljóðskáld hafa getið sér frægð langt út fyrir hinn arabíska menningarheim. Ungir verkfræðingar og tæknimenn unnu einnig að því að koma á laggirnar



Séra Rögnvaldur Finnbogason, fyrsti formaður Félagsins Ísland-Palestína á ferð um Palestínu.

nútímaíðnaði og meðal alls þessa fólks ríkti sterk þjóðernisvitund. Raunar þurftu Palestínumenn á þessum árum að berjast á þrennum vígstöðvum til að vernda þjóðerni sitt: Í fyrsta lagi gegn áhrifum hinna tyrknesku Ottómana sem farið höfðu með völd í landinu um langt skeið, en jafnframt gegn yfirgangi og landránsstefnu zionista og gegn hinum bresku nýlenduherrum sem fóru með stjórn landsins á fyrri hluta aldarinnar og allt fram til 1948. Segja má að palestínskir arabar hafi látið hrífast með af þeirri miklu þjóðernisvakningu sem varð í lok 19. aldar í löndum araba, og það er þessi þjóðernisvakning sem verið hefur hornsteinn allrar baráttu þeirra í upplausn og glundroða síðustu áratuga.

Fjölmargir palestínskir rithöfundar og menntamenn hafa átt þátt í þessari vakningu, menn eins og Hakam Darwazeh, Khalil Sakakine, Khalil Beldas og Najib Nassar, svo og stjórnmalasamtök á borð við Futtuwa og Najada, Æðstunefnd araba og Þjóðfrelsisfylkinguna (sem hélt því fram að Palestínuvandamálið yrði ekki leyst nema með gagnkvæma samkomulagi gyðinga og araba). Allir þessir aðilar beindu kröftum þjóðarinnar að því að verjast yfirgangi jafnt Breta og innfluttra gyðinga er höfðu það að markmiði að flæma þessa fornu þjóð úr heimkynnum sínum og ná algjörum yfirráðum yfir landi hennar.

Unnið var að því með markvissum hætti að rífa niður hið palestínska þjóðfélag og tvístra því samfélagi er átti sér forna og sérstæða menningarhefð og sitt sérstaka mál eða mállýsku, palestínuarabísku. Samtímanum gleymist oft með hve skjóttum hætti og hve skammt er liðið síðan palestínska þjóðin var hrakin burt úr landi sínu og þjóðfélag hennar lagt í rúst.

Prófessor Janet Abu-Lughod hefur lýst þessum einstæða harmleik samtímans, niðurrífi hins palestínska samfélags, með þessum orðum: „Þegar frá er talin útrýming Tasmaníumanna þekkjum við engin dæmi þess að heilli þjóð hafi verið rutt úr landi sínu og önnur tekið sér þar bólfestu á aðeins tveimur mannsöldrum. Engu að síður er þetta reynt í Palestínu.“

Eyðing hins palestínska þjóðfélags var ekki aðeins afleiðing einhverra ófyrirsjáanlegra atburða. Hún var og er enn helsti liður zionista í því ætlunarverki sínu að breyta Palestínu í „Eretz Yisrael“, landið Ísrael. Ungur Ísraelskur hermaður, sem þátt tók í innrásinni í Líbanon sumarið 1982 komst svo að orði: „Helst vildi ég sjá alla Palestínumenn dauða því mér flókrar við þeim hvar sem þeir fara.“ Og vissulega var hann á sinn kaldranalega hátt að túlka langmiðaða stefnu zionistahreyfingarinnar.

Ísrael – raunveruleikinn og goðsagnirnar

Nýlenduævintýrið sem getur ógnað framtíð okkar

Ein af megin „röksemdum“ sionista fyrir stofnun Ísraelsríkis var nauðsyn griðlands fyrir gyðinga sem víða sættu ofsóknum. Aðeins með stofnun sérstaks ríkis gætu gyðingar lifað sem annað fólk.

Annað stef sionista var endurreisn hins forna ríkis gyðinga í „heimalandi“ þeirra, Palestínu. En goðsagnir sionismans hafa afhjúpast ein af annarri og í dag stendur ekkert annað eftir en hinn nakti sannleikur um nýlenduævintýrið sem getur ógnað framtíð okkar.

Heimsbyggðin trúði

Afskipti Vesturlandabúa af málefnum Palestínu hafa lengi mótast af trúarlegum áhuga og hugmyndum sem Biblían hefur flutt okkur. Á 19. öld boðaði fjöldi klerka og kennimanna hugmyndir um að gyðingar ættu að snúa aftur til „síns forna heimalands“. Þessar hugmyndir nærðust á boðskap Biblíunnar um hið sérstaka samband goðveru við þjóðflokk sem var einn af fjölmörgum sem byggðu þetta svæði. Hugmyndin um sérstakan rétt gyðinga endurspeglast í dag í Ísraelskum lögum frá 1950 um „endurkomurétt“ gyðinga til Palestínu. En réttur annarra íbúa svæðisins er í engu virtur og stefnt að brottrekstri þeirra bæði leynt og ljóst.

Fordómar, byggðir á trúarkreddum og kynþáttahatri, stýrðu ofsóknum gegn evrópskum gyðingum. Þær náðu hámarki eftir valdatöku nasista í Þýskalandi og með kynþáttakenningar að vopni reyndu þeir að útrýma gyðingum. Að lokinni stýrjöldinni vildu vestræn/kristin stjórnvöld friða samvisku sína eftir að þau höfðu brugðist mörgu flóttafólki sem reyndi að flýja ofsóknir nasista. Við þær aðstæður gátu sionistar loks náð markmiðum sínum sem þeir höfðu boðað ljóst og leynt í hálfa öld. Þeim tókst, með stuðningi nýlenduríkja, að ná stærstum hluta Palestínu og hrekja frumbyggjana á brott.

Heimsbyggðin var reiðubúin að trúa árðöri sionista um „þjóðarheimili gyðinga“ og lokaði augunum fyrir mögulegum afleiðingum þeirra „lausna“ sem fólust í stefnu þeirra. Þess vegna samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna árið 1947 að skipta Palestínu í tvö svæði milli Palestínumanna og innflytjenda frá Evrópu. Þingið setti þó þau skilyrði að ekki mætti skerða rétt



Ísraelskur hermaður í bol með áletrunni **1 skot 2 dráp**. Skotmarkið á bolnum er þunguð Palestínukona. Kynþáttahygga er eitt helsta innihald sionismans.

frumbyggja landsins og að þeir ættu að halda eignum og aðstöðu þótt þeir byggju á svæðum sem sionistum tókst að véla til sín. En landvinningastríð sionista, sem hófst löngu áður en Sp samþykkti skiptingu landsins, endaði með varanlegum brottrekstri yfir 80% Palestínumanna. Og til að tryggja yfirráð sín eyðilögðu sionistar um 400 þorp og bæi, stálu landinu og öllu fémætu sem flóttafólkið hafði skilið eftir.

Réttlætning byggð á lygi

Sionistar hafa jafnan réttlætt þessa aðgerð með sögum um baráttu hins unga Ísraelsríkis upp á líf og dauða árin 1948–’49. Og þeir nefna stríðið Frelsisstríðið og lýsa allri ábyrgð á ríki araba sem sendu heri á vettvang í maí 1948, sjö mánuðum eftir að herir sionista höfu þjóðernishreinsanir.

Enn og aftur var heimsbyggðin tilbúin að trúa söguskýringum sionista og var það talið mikið afrek gyðinga að halda velli gegn því ofurefli sem þeir þóttust eiga í höggi við.

Ísraelskir sagnfræðingar sem á undanförnum árum rannsökuðu atburðarásina hafa sannað að frásagnir sionista eru rangar. Rannsóknir á gömlum skjölum sionisku herjanna o.fl. sýna að þeir höfu stríðið, þeir höfðu mikla yfirburði í vopnum, liðsstyrk og þjálfun og að þeir undirbyggju brottreksturinn af yfirvegum og nákvæmni. Og þeir beittu margvíslegum ógnunum og fjöldamorðum til að tryggja árangur.

Nýlendustefna

Málflutningur sionista um griðland og endurreisn hins forna Ísraels, var og er ætlaður til að fela þá staðreynd að sionisminn er nýlendustefna byggð á kynþáttaðöskilnaði og kúgun líkt og framferði annarra nýlenduríkja.

Eftir stríðið 1967, sem Ísraelsher átti upptökin að, urðu þáttaskil sem sýna raunverulegt eðli sioníska ríkisins. Ákvörðunin um að hernema og innlima land á Vesturbakkann og Gaza sýndi að hertaka Palestínu 1948 var ekki til að búa



Eftir Hjálmtýr Heiðdal



Ísraelska hernámsliðið þyrmir engu.



til öruggt skjól fyrir hrjáða gyðinga. Í stað þess að semja frið við nágrannaríkin og virða mannréttindi Palestínumanna hófu sionistar enn umfangsmeira landrán, ráku burt 200.000 Palestínumenn og fluttu hundruð þúsunda Ísraels til búsetu á hernumdu landi. Landránið á Vesturbakkanum og Gaza, það eina sem eftir var af hinni fornu Palestínu var framhald aðgerða sionista á árunum 1947–’49. Aðferðirnar voru þær sömu; árás, brottrekstur og yfirtaka landsins og allra eigna íbúanna og loks innflutningur gyðinga á svæðin sem var búið að tæma.

Upphafið segir allt

Ísraelsk stjórnmöld eru með greiðan aðgang að ráðamönnum Vesturlanda, Ísrael fær meiri fjárhagsaðstoð frá Bandaríkjunum en öll önnur ríki sam- anlagt og Ísrael nýtur sérstakra kjara í

viðskiptum við ríki Evrópusambandsins. Allt þetta á sér stað á sama tíma og ráðandi öfl í Ísrael, sionistar, brjóta al- þjóðasamninga um mannréttindi, her- nám og nýlendustefnu.

Því er jafnan haldið fram að Ísrael sé lýðræðisríki þótt sionisminn sé algjör andstæða lýðræðislegra stjórnarháttá. Nægir að nefna grunnlög ríkisins sem koma í stað stjórnarskrár og beinast gegn hagsmunum og réttindum 25% íbúanna.

Saga Ísraelsríkis sýnir í dag hve stórfelld mistök það voru að afhenda sionistum hluta Palestínu árið 1947, land annarrar þjóðar.

Hvað getur ógnað Ísrael?

Í dag er Ísrael árásargjarnt nýlenduríki undir stjórn sionista, eitt öflugasta herveldi heimsins, búið kjarnaoddum og

öllu því nýjasta sem þarf til að eyða öðrum herjum og drepa fólk. Ekkert ríki eða þjóð getur ógnað Ísrael hernaðarlega í dag. Sionistar geta því um sinn óáreittir rænt landi og brotið alþjóðasamninga með fulltingi Bandaríkjanna.

Ef öryggi og farsæld gyðinga væri raunverulega stefna sionista þá myndu þeir vinna að friðsamlegri sambúð og sáttum við Palestínumenn. Ekkert slíkt er á dagskrá sionista – þvert á móti þá eyðileggja þeir vísitandi allar tilraunir til þess að koma á friði. Grimmileg meðferð þeirra á Palestínumönnum er liður í þeirri stefnu að hindra alla jákvæða þróun meðal Palestínumanna og skapa öfgaöflum tækifæri til að eflast. Ísraelskir hermenn eru aldri frá unga aldri á áróðri sem gerir þá hæfa til að framfylgja sionismanum, þeir líta á araba sem óæðri kynstofn, réttlausan og rétturdræpan.

Hvert stefnir?

En sionistaríkið, sem virðist sterkt og býður öllum heiminum byrginn, glímur nú þegar við margvísleg vandamál heima fyrir. Þar ríkir ójöfnuður líkt og í öðrum kapítalískum ríkjum og upp á síðkastið hafa verið mikil mótmæli gegn misréttinu og fjölmennustu mótmælagöngur í sögu Ísraels voru á þessu ári og síð- asta. Andmæli gegn sérréttindum strangtrúaðra fara vaxandi og fjöldi hermanna gengur til liðs við samtök þeirra sem neita að gegna herþjónustu á Vesturbakkanum. Til viðbótar þess- um vandamálum er stöðugur flótti menntamanna og vísindamanna frá Ísrael. Mörg þúsund Ísraelsa hafa yfirgefið landið og kjósa að búa annarsstaðar.

Áhrif sionista í Bandaríkjunum, vold- ugasta herveldi heims, eru mikil og virðist mönnum oft að utanríkisstefna BNA stjórnist af hagsmunum sionista. En þar eru einnig blikur á lofti, stuðningur ungra gyðinga í BNA við stefnu sionista fer þverrandi og æ fleiri gagnrýna framferði Ísraelsríkis.

Forystumenn Ísraelsríkis hafa á und- anförnum árum tengst æ sterkari böndum við afturhaldssömustu skoðanahópa í Bandaríkjunum og Evrópu. Í BNA eru Teboðshreyfingin og trúarofstækisfólkið í röðum evangelista nú dyggustu stuðningsmenn Ísraels. Í Evrópu eru það kynþáttahatara og hægri öfgasinnar sem lýsa stuðningi við „útvörð Evrópu“ eins og þeir nefna Ísrael. Og sjálfur Breivik, norski fjöldamorðinginn, sér í Ísraelsríki helstu von hins aríska kynstofns.

Þessi þróun mun, ásamt baráttu Palestínumanna fyrir viðurkenningu á rétti sínum og sniðgönguherferðinni sem stuðningshreyfingar Palestínumanna um allan heim skipuleggja, verða til þess að það mun fjara undan Ísraelsríki í komandi framtíð.

Við megum ekki styðja það að sumir hafi meiri rétt en aðrir

Söguna um Rachel Corrie þekkja flestir. Hún var bandarísk baráttukona og meðlimur í International Solidary Movement. Þekktust er hún fyrir átakanlegan dauðdaga sinn en hún lést, tuttugu og þriggja ára gömul, þann 12. október 2003 í borginni Rafah á Gazaströndinni þegar hún reyndi að koma í veg fyrir að jarðýta Ísraelska hersins jafnaði hús palestínskrar vinnafjölskyldu hennar við jörðu. Síðan Rachel dó hafa foreldrar hennar, Cindy og Craig Corrie, haldið minningu hennar á lofti með því að tala fyrir friði í Ísrael og Palestínu og stuðla að aukinni þekkingu umheimsins á málstað Palestínumanna.

Þann 9. október síðastliðinn tóku Corrie-hjónin við Lennon Ono friðarverðlaununum úr hendi Yoko Ono í Hörpunni fyrir hönd Rachel. Félagið Ísland-Palestína efndi þann 12. október til hádegisverðarfundar með hjónunum í lönó þar sem þau röktu sögu Rachel Corrie og sögðu frá friðarbaráttu sinni í nafni samtakanna The Rachel Corrie Foundation for Peace and Justice. Árið 2005 lögðu þau fram ákæru á hendur Ísraelshers og Ísraelska varnarmálaráðuneytisins sem þau telja að beri ábyrgð á dauða dóttur þeirra. Þau stóðu í málaferlum fram í ágúst á þessu ári þegar Ísraelskur dómstóll hafnaði táknrænum kröfum þeirra um eins dollara skaðabætur. Hjónin undirbúa nú áfrýjun á úrskurði dómstólsins um leið og halda áfram að helga líf sitt þeirri baráttu sem dóttir þeirra hóf.

Áhrifaríkar frásagnir í bréfum Rachel

Rachel kom til foreldra sinna árið 2002 og sagðist ætla til Palestínu á vegum



Rætt við Cindy og Craig Corrie

vinaborgarverkefnið en fjölskylda bjó í borginni Olympia í Washington-fylki. Á þessum tíma stóð síðari Intifatan sem hæst. Þarna hófst nýr kafli í sögu fjölskyldunnar en eins og flestir Bandaríkjamenn höfðu Corrie-hjónin að eigin sögn verið fáfróð um ástandið í Ísrael og haft samúð með málstað Gyðinga.

„Rachel byrjaði að fræða okkur áður en hún fór af stað vegna þess að hún vildi að við skildum hvers vegna hún

færi og hvað hún ætlaði að gera,“ segir Cindy og leggur áherslu á að á þessum tíma hafi þau hugsað eins og vel flestir Bandaríkjamenn. „Ég hafði lesið sögur fyrir börnin mín um heiltörina og bækur eins og Dagbók Önnu Frank svo að allur okkar skilningur var Gyðinga megin. En þegar Rachel var byrjuð að skrifa okkur bréf frá Gaza runnu á okkur tvær grímur. Upplifanir hennar voru svo sterkar og við vissum að hún var greinargóður athugandi og slyngur penni. Við vissum að orð voru henni mikils virði og treystum því frásögnum hennar. Það sem hún skrifaði í bréfin hafði allt önnur áhrif á okkur en venjulegur fréttaflutningur. Þau voru mjög persónuleg og við höfðum aldrei áður heyrt frásagnir frá þessum sjónarhóli. Þetta var okkur mikill skóli.“

Craig bætir við að Cindy hafi verið fljótari að tileinka sér ný viðhorf heldur en hann. „Sjálfur var ég hermaður í Víetnam þó að reyndar væri það ekki það sem ég vildi. En ég þekkti nokkuð

til stríðsreksturs. Fyrst óttaðist ég að Rachel yrði handtekin en þegar ég las lýsingar hennar á ummerkjum eftir byssuskot á útveggjum húsa þar sem dvöldu börn jukust áhyggjur mínar og ég skildi að hún var að fást við stjórnlausan her. Ég talaði við hana rétt áður en hún fór til Palestínu og sagði: „Rachel, þú veist að þú þarft ekki að gera þetta. Það áfellið þig enginn þó að þú farir ekki.“ Hún svaraði: „Ég veit að ég þarft ekki að gera þetta en ég held að ég geti það og ég veit að ég verð að reyna.“ Og svo fór hún,“ minnst Craig.

Bandaríkjamenn misskilja ástandið

Þau leggja áherslu á það, hjónin, að þau séu hvorki sérfræðingar í sögu né stjórnmálum heldur ósköp venjulegir Bandaríkjamenn sem dregist hafa inn í óvenjulega atburðarás. Aðspurð um hvort þau hafi áhuga á sögu þessa svæðis segja þau ekki hafa haft mikinn tíma til að setja sig vel inn í hana. „Við höfum verið of upptekin við að skrifa söguna,“ segir Craig og kímur. Í máli þeirra kemur skýrt fram að þó að þau hafi fengið tækifæri til að hitta marga ráðamenn eru það kynnin af venjulegu fólki sem opnar þeim skilning að ástandinu í Ísrael og Palestínu. Aðspurð um álit þeirra á tveggja ríkja lausninni svarar Craig: „Við fórum ekki til Palestínu fyrr en í september 2003 en auðvitað höfum við heyrt þessa umræðu allt okkar líf því við erum álíka gömul og hernámið. En þessi umræða er ákaflega flókin vegna spennunnar sem þarna ríkir. Mér skilst að Ísraelsmenn hafi alltaf lítið meira og minna á allt svæðið sem þeirra. Mér er þetta illskiljanlegt sem Bandaríkjamanni sem alist hefur upp við frelsisýfirlýsinguna því að þó að við sem þjóð höfum ekki alltaf farið eftir henni eigum við það alla vega á prenti að réttur allra skuli vera jafn. Við eigum palistínska vini sem búa í Ísrael. Þessi fjölskylda hefur verið að safna fyrir húsinu sem hún var rekin úr árið 1948 og tókst fyrir örfáum árum að kaupa húsið aftur. Þetta fólk vill ekki kalla sig Palestínu-Araba heldur ísraelska Araba en fyrir því eru flóknar pólitískar ástæður. Vinur okkar í fjölskyldunni segist vilja fá tækifæri til að gera Ísrael eins og það var þegar hann fæddist eftir ’48. Hann segir: „Ég er ísraelskur borgari, hvort sem mér líkar það betur eða verr, og ég á rétt á að fá að gera Ísrael að landi sem er til fyrir alla sem þar búa.“ Vandamálið er bara að þarna rekast á svo mismunandi draumar. Við verðum að vinna þannig að tekið sé tillit til hinna margvíslegu sjónarmiða. Sem Bandaríkjamanni finnst mér að við megum ekki styðja það að sumir hafi meiri rétt en aðrir. Við verðum að auka skilning umheimsins á



Foreldra Rachel Corrie veita Friðarverðlaunum LennonOno viðtöku í Reykjavík

ástandinu og við verðum að viðurkenna að þarna skortir allt jafnvægi á milli réttar þessara tveggja þjóða. En þetta fólk sem samt neytt til að halda áfram að búa saman og við verðum að skapa þeim framtíð sem er boðleg börnum þeirra því öll dreymir okkur jú um bjarta framtíð fyrir börn okkar.“

Cindy bætir við að Bandaríkin hafi leikið stórt hlutverk í þessari deilu en þau afskipti hafi ekki alltaf verið uppbyggileg. „Ameríkanar misskilja ennþá stöðuna og eru fáfróðir um ástandið. Heima í Olympíu eigum við vini sem eru Gyðingar og trúa á málstað Ísraels. Þegar ég sagði þeim að fjórðungur landsmanna væri Palestínuenn trúðu þau mér ekki og við þurftum að leita til háskólamanns til að sannfæra þau. Þau áttuðu sig ekki á því að þarna búa Ísraelsmenn og Palestínumenn hlið við hlið án þess að njóta sömu réttinda. Við eigum vini af mörgum kynþáttum í Ísrael og við sjáum þá berjast saman fyrir sömu hugsjóninni. Það er slíkt fólk sem færir okkur nær lausninni. Jafnvel á Gaza sér maður stundum frekar það sem sameinar fólk en sundrar því. Með því að einblína á þetta get ég viðhaldið bjartsýni vegna framtíðarinnar.“

Sögur fólksins segja okkur mest

Corrie-hjónin eru spurð hvort þau hafi nýtt sér söguna til að skapa hlekk í milli þess sem var og er. Cindy segir að þau hafi mest lært af þeim sögum sem fólk hefur sagt þeim enda þótt sögurnar geti verið mjög ruglandi á stundum. „Það bjuggu Palestínumenn í bænum

okkar þegar Rachel var drepin sem við þekktum ekki þá en þekkjum nú. Þetta fólk bjó nálægt Haifa árið 1948 og átti þar aldingarða sem þau misstu. Ég get sett mig í þessa spor af því að ég ólst upp á búgarði sem ég hef ennþá tekjur af. Ég skil því sögu þeirra á mjög persónulegan hátt og get sett mig inn í sorgina í andliti Assans, vinar míns. Sem Bandaríkjamaður getur hann ferðast á þessar slóðir og hefur gert það en segist ekki langa aftur. Ég held að það sé of sársaukafullt fyrir hann að sjá hvernig ástandið er og minnst hvernig það var. Á Gaza hittum við yfirmann Heimspings kirkna. Hann er kristinn Arabi og líka frá Haifa. Hann sagði okkur frá því að þegar hann var sjö ára gamall varð fjölskylda hans að yfirgefa heimilið en gat snúið aftur til að sækja eigur. Þegar þau komu aftur féll móðir hans í fang nágrannakonu sinnar, sem var Gyðingur, og þær grétu og grétu vegna þess að þær voru nánar vinkonur þrátt fyrir að vera ekki af sama kynstofni. Mér finnst þessar sögur setja mig inn í sorgina sem fólk hefur þurft að upplifa en þær hjálpa mér líka að skilja ástand sem þarf ekki að vera svona. Ég hef von af því að ég veit að til er fólk sem vill gera framtíðina friðsamlegri og réttlátari.“

Craig tekur undir orð Cindyjar og ítrekar enn að þau hafi ekki sett sig vandlega inn í söguna: „En við höfum lifað söguna. Ég var fylgjandi Ísraelsríki eins og ég held að flestir í kringum mig hafi verið. Ég bjó í Iowa og ég man að ég hugsaði: „Hvað ef fyrirheitna landið hefði verið í Iowa? Þá hefði ég kannski aðra skoðun á málinu.“ Það örlaði sem sagt fyrir þeirri hugsun að einhverjir kynnu að hafa búið þar sem Ísraelsríki var reist. Við verðum að vera svolítið auðmjúk og sýna samkennd. Upphaflega erum við öll meira og minna landnemar. Ég man að ég heyrði ísraelskan rabbía segja: „Vandamálið er að ef til verður ríki Gyðinga í miðju Arabalandi kallar það á þjóðernishreinsanir“. Ég ákvað að ég gæti aldrei stutt þjóðernishreinsanir. Annar ísraelskur rabbí fór með okkur yfir til Palestínu sem hann gat gert af því að hann hafði bandarískt vegabréf. Þar hittum við góða vini hans sem voru Arabar. Það er til mikil vinátta þvert á landamæri. En það er engin leið til að bæta upp alla þá kvöl sem farið hefur úr böndunum á þessu svæði. Ég get skilið að Gyðingar sem sluppu úr herförinni hafi þurft öruggan stað en Gyðingar sem við þekkjum í Ísrael í dag segja að það sé eini staðurinn í heiminum þar sem þeir upplifa ekki öryggi. Ég held að það sé á ábyrgð okkar að leggja eitthvað af mörkum svo að bæði Ísraelsmenn og Palestínuarabar geti búið við öryggi.“

Viðtal: Björg Árnadóttir og Hjálmtýr Heiðdal.

Caterpillar brýtur eigin siðareglur



Meðsekir í morðum

Bandaríska stórfyrirtækið Caterpillar, sem er einn stærsti framleiðandi vinnuvéla í heiminum og er frægt fyrir gulu stóru vinnuvélnar sínar, hefur sætt mikilli gagnrýni undanfarin ár vegna sölu á stórvirkum jarðýtum til Ísraels. Caterpillar selur þessar jarðýtur til Ísraels með Bandaríkjastjórn sem millilið. Þegar jarðýturnar koma svo til Ísrael er þeim breytt allsvakalega af ísraelska hernum. Í raun er jarðýtunum, sem framleiddar eru fyrir landbúnað og byggingarframkvæmdir, breytt í hálfgerð hernaðartæki eins og má sjá á meðfylgjandi myndum.



Eftir Elvu Björk Bjarkar-dóttur



Frá aldamótum hefur félagið stutt myndarlega við hreyfanlegar heilsugæslur palestínsku Læknishjálparnefndanna UPMRC/PMRS.



Sameinuðu þjóðirnar, Amnesty, Human Rights Watch og önnur samtök hafa ítrekað lýst því yfir að Caterpillar jarðýturnar séu notaðar af ísraelska hernum til þess að fremja hræðileg mannréttindabrot gegn Palestínumönnum og hafa kallað eftir því að fyrirtækið hætti sölu sinni til Ísrael strax. Eins og kunnugt er lést Rachel Corrie árið 2003 eftir að Caterpillar jarðýta keyrði yfir hana þegar hún reyndi að koma í veg fyrir að jarðýtan jafnaði hús palestínskrar fjölskyldu við jörðu. Margir Palestínumenn hafa einnig verið fórnarlömb þessarar tækja. Þá er talið er að meira en 20.000 palestínsk heimili hafi verið eyðilögð af Ísraelsmönnum síðan 1967. Í um 60% tilvika hefur slík eyðilegging verið skilgreind sem hernaðarleg aðgerð, í 35% tilvika vegna þess að húseigendur voru ekki

með tilskilin leyfi og 5% í refsingarskyni. Það er vert að taka það fram að 95% af leyfisumsóknum Palestínumanna um byggingarleyfi á árunum 2000-2007 var hafnað. Fjórði Genfarsáttmálinn leggur blátt bann við að hernámsríki eyðileggi lausafé eða fasteignir sem eru í einkaeign nema því aðeins að slík eyðilegging sé talin algerlega nauðsynleg vegna hernaðaraðgerða. Ísrael, sem hefur skrifað undir og fulltgilt sáttmálann, hefur afsakað gjörðir sínar með því að segja að sáttmálinn gildi ekki í Palestínu þar sem að Palestína sé ekki ríki! Sameinuðu þjóðirnar, Rauði Krossinn, Alþjóðadómstóllinn og í raun allt alþjóðasamfélagið hefur ítrekað lýst því yfir að sáttmálinn gildi í Palestínu eins og allstaðar annarsstaðar í heiminum. Samkvæmt ofangreindu er ljóst að í 40% tilvika er um að ræða eyðileggingu sem hefur ekkert með hernaðaraðgerðir að gera. Þá hefur ísraelski herinn einnig verið gagnrýndur fyrir að nota ekki aðrar aðferðir en algjöra eyðileggingu bygginga í hernaðarbrótti sínu. Í flestum þeim tilvikum sem Ísraelsmenn segja eyðilegginguna nauðsynlega vegna hernaðaraðgerða þá hafa aðrar mun vægari aðferðir verið mögulegar. Þá hafa margar milljónir ólífutrjáa verið eyðilögð með jarðýtunum og í þökkabót hafa þær verið notaðar við byggingu á apartheid veggnum sem Alþjóðadómstóllinn hefur lýst yfir að sé döglegur skv. þjóðarétti. Þrátt fyrir mikla gagnrýni undanfarin ár þá hefur Caterpillar meira og minna stungið hausnum í sandinn og firrað sig allri ábyrgð. Framkvæmdarstjóri

Caterpillar, James Owens, hefur lýst því yfir að fyrirtækið geti á engan hátt stjórnað því hvernig vörur þeirra eru notaðar eftir að þær eru seldar. Þessi hegðun fyrirtækisins er algjörlega í skjön við þeirra eigin siðareglur, sem segja til um að fyrirtækið skuli ávallt taka mið af samfélagslegum, efnahagslegum, pólistískum og umhverfissjónarmiðum í viðskiptum sínum. Þessi ábyrgðarlaus hegðun Caterpillar hefur vægast sagt hræðilegar afleiðingar fyrir saklausa og varnarlausa borgara í Palestínu.

Foreldar Rachel Corrie höfðuðu mál gegn Caterpillar í Bandaríkjunum árið 2005 á þeim forsendum að Caterpillar seldi jarðýtunnar til Ísrael þrátt fyrir að vita að þær væru notaðar af Ísraelsmönnum til þess að eyðileggja hús og leggja líf Palestínumanna í hættu, allt í trássi við alþjóðalög. Það er skemmst frá því að segja að dómstólar bæði á neðra og hærra dómsstigi vísuðu málinu frá. Heista ástæðan fyrir frávisun á báðum stigum var sú að dómarnir töldu að málið snérist um pólitík og ætti ekki



heima fyrir dómstólum. Foreldrar Corrie héldu þó ótrauð áfram og höfðuðu næst mál gegn Ísraelska hernum. Dómstóll í Tel Aviv komst svo að þeirri niðurstöðu í ágúst sl. að dauði Rachel Corrie hafi ekki verið neitt annað en hræðilegt slys. Foreldrar Corrie ihuga nú hvort þau áfrýji málinu.

Það er nokkuð merkilegt að Caterpillar sé ekki löngu hætt sölu á jarðýtunum til Ísrael. Fyrir utan siðferðis- og mannúðarleg sjónarmið þá hefur Caterpillar mátt sæta mikilli gagnrýni fyrir viðskipti sín við Ísrael. Hluthafar

í fyrirtækinu hafa selt hlutabréfin sín í mótmælaskyni, mannréttindasamtök hafa gagnrýnt fyrirtækið harðlega og Sameinuðu þjóðirnar hafa ítrekað kallað eftir því að fyrirtækið hætti sölu á jarðýtunum til Ísrael. Þá var hrundið á stað alþjóðlegu átaki til að sniðganga vörur frá Caterpillar í mótmælaskyni. Einnig er athyglisvert að salan til Ísrael er aðeins brotabrot af heildarsölu fyrirtækisins eða um 0.06%. Það er í raun með ólíkindum hvers vegna fyrirtækið skuli ekki vera löngu hætt þessum viðskiptum. Einhverjar sögusagnir voru á reiki árið 2010 um að fyrirtækið hefði tekið ákvörðun um að fresta allri frekari sölu til Ísrael á meðan á réttarhöldunum í Tel Aviv stæði. Þetta var þó aldrei staðfest af Caterpillar né yfirvöldum í Ísrael.

Núna, næstum 10 árum seinna, hefur enginn verið dreginn til ábyrgðar fyrir morðið á Rachel Corrie. Ekki stjórnandi jarðýtunnar, ekki neinn í Ísraelska hernum og síðast ekki síst ekki Caterpillar fyrir að útvega Ísraelsmönnum þessi drápstæki.

Kröftugur mótmælafundur

Félagið Ísland-Palestína stóð fyrir mótmælafundi við bandaríska sendiráðið 19. nóvember sl., vegna árása Ísraels hers á íbúa Gaza. Yfir þúsund manns mættu á fundinn, þar sem samþykkt var krafa um að Bandaríkin beiti valdi sínu til að stöðva árásirnar, enda fjárhagslegur og hernaðarlegur bakhjarl Ísraels.

Á fundinum fluttu kröftug ávörp Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og Vantar Nafn frá Gaza. Sveinn Rúnar Hauksson, formaður FÍP stjórnaði fundinum.

Hér á síðunni eru nokkrar myndir Hjálmtýs Heiðdal frá þessum glæsilega og kröftuga fundi.



Fyrsti fjárstyrkur félagsins rann til Ahli Arab Hospital, 90 rúma sjúkrahúss í Gasaborg sem rekið er af ensku biskupakirkjunni, en það tók þá við við stórum hlutasærðra í fyrri Intifada, uppreisn Palestínumanna gegn hernámi og landráni Ísraels. Flestir gátu ekki hugsað sér að leita til aðal sjúkrahússins Shifa, sem þá var undir stjórn Ísraels.

Starfsemin á árinu

Starfsemi Félagsins Ísland-Palestína hefur verið mikil síðasta árið. Mikilsverðir atburðir áttu sér stað í nóvember og desember á síðasta ári sem að hluta til má rekja til starfsemi félagsins og FÍP fagnaði. Þann 29. nóvember 2011, á alþjóðlegum samstöðudegi Sameinuðu þjóðanna með réttindum palestínu þjóðarinnar, samþykkti Alþingi samhljóða ályktun um að viðurkenna skuli sjálfstæði og fullveldi Palestínu. Að kvöldi þess dags hélt Félagið Ísland-Palestína ár-vissan afmælisfund sinn en að þessu sinni var tilefnið stærra en venjulega. Samstöðuhátíðin var haldin í lönó og þar flutti ávarp Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkisnefndar Alþingis. Lára Jónsdóttir, þáverandi gjaldkeri félagsins sagði frá nýlegri ferð sinni til Palestínu í máli og myndum og Salmann Tamini, fyrsti Palestínumaðurinn sem settist að á Íslandi, hélt tölu undir heitinu Af hverju sjálfstætt ríki Palestínu? Birgitta Jónsdóttir þingkona og skáld flutti ljóð eftir palestínska skáldið Mahoud Darwish í íslenski þýðingu og Bogomill font skemmti með söng.

Þann 15. desember staðfestu stjórnvöld formlega ályktun Alþingis um frelsi og fullveldi Palestínu við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Síðar sama dag hélt utanríkisráðherra Palestínu dr. Riayd al-Maliki erindi í Norræna húsinu á vegum Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands. Húsfyllir var á báðum samkomunum. Á þetta er minnst hér í upptalningu á því markverðasta í starfi FÍP vegna þess að félagið hefur átt talsverðan þátt í mótun almenningsálits á Íslandi um ástandið í Palestínu og þar með haft áhrif á jákvætt viðhorf stjórnvalda til Palestínu. Félagið átti einnig hlut að máli við mótu tillagna Alþingis. Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld hafi nú fyrst stjórnvalda samþykkt rétt Palestínumanna til að eiga frjálst og sjálfstætt ríki sniðganga þau enn kjörna fulltrúa í Palestínu. FÍP krefst enn sem áður viðurkenningar íslenskra stjórnvalda á þeim.

Aðrar fastar dagsetningar í starfi félagsins eru 23. desember og 1. maí. Þessa daga þegar margt fólk er í miðbænum fer fram kynningar- og fjáröflunarátak, sala á palestínskum varningi, söfnunarbaukar vegna neyðarsöfnunar félagsins eru látnir ganga og starfsemin gerð eins sýnileg og kostur er.

Neyðarsöfnun félagsins hefur gengið vel að venju, einkum hafa verið áberandi framlög einstaklinga á reikning félagsins. Reikningsnúmerið má finna á síðum þessa blaðs og einnig upplýsingar um helstu verkefni sem neyðarsöfnun FÍP hefur styrkt.

Þann 12. janúar var haldinn kynningarfundur fyrir sjálfbóðaliða sem vilja láta til sín taka í Palestínu. Sjálfbóðaliðastarfið er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins vegna þess hve mikilvægt það er að Íslendingar ferðist á þessar slóðir og upplifi ástandið með eigin skynfærum auk þess sem Íslendingar hafa margt fram að færa. Mjög vel var mætt á fundinn og margir sýndu því áhuga að fara en færri sjálfbóðaliðar fóru þó til Palestínu í ár heldur en undanfarin ár. Aðeins þrír sjálfbóðaliðar fóru til starfa á Vesturbakkanum og Gaza árið 2012, þau Anna Pála Sverrisdóttir, Lára Jónsdóttir og Sveinn Rúnar Hauksson. Frá árinu 2002 hafa á fimmta tug íslenskra sjálfbóðaliða unnið margvísleg störf í Palestínu.

Aðalfundur félagsins var haldinn í Reykjavík Akademiunni þann 25. mars 2012. Auk venjulegra aðalfundastarfa flutti ávarp Anees Mansour frá Rafah á Gazaströndinni, forstöðumaður Rachel Corrie miðstöðvarinnar fyrir börn og unglinga og Yousef Ingi Tamimi, sniðgöngustjóri FÍP, talaði um sniðgöngu og refsiaðferðir gegn Ísrael.

Í október tóku fulltrúar félagsins þátt í Friðarþingi skáta þar sem félög á Íslandi sem vinna að friði kynntu starfsemi sína. Auk þess að geta kynnt málstað félagsins, sagt frá hlutverki þess og starfsemi, voru skráðir var nýtt fólk skráð í félagið sem alltaf er tekið höndum tveim.

Þann 30. mars 2012 kom fyrsta tölublað 23. árgangs blaðsins Frjálsrar Palestínu út í ritstjórn Einar Steins Valgarðssonar en þetta afmælisrit, í ritstjórn Bjargar Árnadóttur og Hjálmtýs Heiðdals, er annað blaðið sem gefið er út á árinu. Félagið hefur einnig verið ötul t við að standa fyrir kynna Íslendingum palestínskar kvikmyndir. Í nóvember var sýnd á veitingahúsinu Factory hin margverðlaunaða heimildamynd Encounter Point eftir Ronit Avni og Julu Bacha. Til stendur að halda fleiri kvikmyndasýningar á þessum stað í vetur.

Félagið tók nokkurn þátt í alþjóðlegu samstarfi um málefni Palestínu á árinu en Borgþór Kjærnested sat fundi norrænna systursamsamtaka. Í apríl komu svo fulltrúar norrænu stuðningssamtakanna fyrir Palestínu til Íslands og sátu fund með stjórnarmönnum Félagsins Ísland-Palestína. Þar ræddu fulltrúar félaganna um framhald samstarfsins og þýðingu þess að Ísland hefði gengið fram fyrir skjöldu og viðurkennt ríki Palestínumanna. Norrænu fulltrúarnir



hittu bæði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Það er gaman að segja frá því að Félagið Ísland-Palestína er hlutfallslega langstærsta félagið á Norðurlöndum sem berst fyrir réttindum Palestínumanna. Yousef Tamini og Linda Ósk Árnadóttir tóku þátt í ráðstefnu í London um sniðgöngustefnu gegn Ísrael en þar funduðu evrópskar deildi BDS (Boycott, Divestment, Sanctions against Israel). Þau komu heim full hugmynda um hvernig væri hægt að standa að sniðgöngu gegn Ísraelskum vörum og viðskiptum eins og fram kemur á öðrum stað í blaðinu. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Í októbermánuði gerðist það í fyrsta skipti í sögu félagsins að ráðinn var til þess starfsmaður. Egill Bjarnason var ráðinn í 20% tímabundið starf við eitt og annað sem erfitt er að sinna eingöngu með sjálfbóðastarfi t.d. að skipuleggja innra starfi félagsins, undirbúa tuttugu og fimm ára afmæli þess, uppfæra kynningarmál og sækja um styrki. Félagafjöldi fer vaxandi og þar af leiðandi allt ut- anumhald um störf félagsins sem nú heldur upp á að hafa náð þeim virðulegum aldarfjórðungs aldri.

Samantekt:
Björg Árnadóttir, ritari FÍP

Netfang
félagsins
er

palestina@palestina.is

Þar sem sagan er við hvert fót mál

Marga dreymir um að ferðast til Palestínu en láta ekki verða af því að ótta við ófriðvænlegt ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs. Þeir sem fara segjast þó sjaldnast finna fyrir hræðslu á ferðum sínum þó að þeir skynji ógnina sem hvílir yfir mannlífinu. Anna Sigríður Pálsdóttir, Dómkirkjuprestur, ákvað um páskana 2011 að bregða sér í tíu daga ferðalag til Ísrael og Palestínu. Hér segir hún frá ferðinni og þeim tilfinningum sem hún vakti henni. Ferðin til Landsins helga hafði að vonum áhrif á séra Önnu Sigríður sem kristna manneskju en að auki öðlaðist hún dýpri skilning á málstað Palestínumanna við það að heimsækja þetta stríðshrjáða land.

„Mig hafði lengi langað að ferðast á þessar slóðir en lét verða af því þegar tvenn kunningjahjón mín ákváðu að fara í páskaferð á vegum Borgþórs Kjærnsted, þýðanda og túlks. Borgþór hefur skipulagt margar páskaferðir fyrir almenning en einnig ferðir á öðrum tímum fyrir hópa eins og Íslenska þingmenn. Ferðin var í alla staða mjög ánægjuleg, vel skipulögð og við fengum að skoða margt og upplifa. Borgþór þekkir svæðið eins og lófann á sér og við gátum treyst því að hann færi ekki með okkur í neinar ógöngur þó að við vissum að hann færi heldur ekki með okkur tóma flauelsvegi því að við urðum mjög meðvituð um ástandið í landinu eftir þessa ferð,“ segir Anna Sigríður eftir að hafa komið sér fyrir í þægilegum sófa áheimili hennar á Eyrarbakka. Hún hefur sinnt starfi Dómkirkjuprests frá árinu 2007 en tók sér í haust ársfrí frá því erilsama verki og leysir nú af sóknarprestinn á Eyrarbakka. Ölfusið er henni kært því að faðir hennar, Páll Ísólfsen, organisti og tónskáld, bjó lengi í Ísólfskúla við Stokkseyri.

„Það var ekki sjálfgefið að ég kæmist til Jerúsalem um páska sem eru stærsta hátíð kristinnar og annasamir tímar fyrir presta. En samstarfsmaður minn, séra

Hjálmar Jónsson, veitti mér góðfúslega leyfi til að fara þessa pílagrímsför og upplifa það sem aðeins verður upplifað í Jerúsalem um páska,“ segir Anna Sigríður og bætir við að hún hafi grætt mikið á þessari ferð sem manneskja og prestur en guðfræði lærði hún seint á ævinni.



„Það var sérstaklega eftir að ég í námi mínu fór að sökkva mér ofan í sögu gyðingdóms og kristinnar trúar að mig fór að langa til að ferðast um þessar slóðir. Það er ótrúleg upplifun að vera á stað þar sem sagan er í hverju skrefi og allt umhverfið andar árpúsundagamalli sögu. Ef veggirnir gætu talað væri margt skrafað í Jerúsalem. Í veggjum húsanna eru mörg lög af sögu sem áhugavert væri að fletta af þeim.“

Páskar í Jerúsalem

Jerúsalem um páska er líklega einn fjölmenningslegasti staður sem hægt er að hugsa sér og þar má sjá sýnishorn af

menningu alls heimsins. Anna Sigríður kveðst einu sinni áður hafa orðið fyrir viðlíka upplifun: „Það var árið 2000 þegar ég fór með hóp íslenskra stúlkna á vegum Þjóðkirkjunnar á alþjóðlegt kirkjumót í Rómaborg. Helgina sem mótið stóð yfir voru götur Rómar eins og árfarvegir iðandi af fólki alls staðar að úr heiminum. Þetta var allt að því óhugnanlegt og eitt sinn reif flaumurinn næstum með sér eina af stúlkunum okkar. Þarna kynntist ég því sem ég síðar sá í Jerúsalem að þjóðirnar bera flögg til að aðgreina sig og hjálpa þeim að finna samferðafólk sitt

Páskar eru dýrmætur tími í Jerúsalem. Við komum þangað daginn fyrir pálmásunnudag og dvöldum á söguslóðum Ísrael og Palestínu alla dymbilvikuna og fram yfir páska. Þessa páska bar upp á sama tími í kristni og

Spjallað við séra Önnu Sigríði Pálsdóttur um draumaferð hennar til Landsins helga

gyðingdómi, sem ekki er alltaf, þannig að páskahátíðin var sérstaklega stór þetta vor.

Fyrsta dag ferðarinnar fórum við til Betlehem sem er eins og menn vita í Palestínu. Það er auðvelt að sjá aðstöðumun þeirra tveggja þjóða sem þetta land byggja, arabanna og gyðinganna. Það er svo hrópandi munur á lifnaðarháttum og öllu umhverfi. Á meðan annarri þjóðinni er til dæmis gert nær ókleift að ástunda hreinlæti og vökva ræktarlönd sín hefur hin jafnvel sundlaugar í gördum sínum og vökvunarbúnað á grasblettum við hús sín.

Daginn eftir, á pálmásunnudag, fórum við upp á Ólíufjallið til að taka þátt í göngu til minningar um innreið Jesú



Krists í Jerúsalem. Þótt enn væri vor var brakandi sólskin og við biðum lengi í hitanum eftir að göngunni væri stillt upp. Allir voru með greinar af pálmum og ólífutrjám þegar gengið var í áttina að hliðum gömlu borgarinnar. Ég verð að viðurkenna að við gáfumst upp neðst í hliðum fjallsins enda höfðum við ekki verið forsjað. Sólin skein beint í hvirfil okkar en eins og Íslendinga er siður bárum við ekki höfuðföt og þurftum að skýla okkur með því sem við höfðum handbært. En það var áhrifaríkt að sjá straum syngjandi og fagnandi fólks renna niður hliðina.

Þessir tveir dagar voru heillandi upphaf ferðarinnar sem auðvitað var farin á kristnum forsendum með yndislegum fararstjóra, kristnum Palestínumanni að nafni Johnny Asmar, sem er bæði guðfræðingur og sagnfræðingur. Hann leiddi okkur í gegnum ferðina og var vel að sér í öllu, ekki síst hinum kristna arfi og allri þeirri sögu sem við skynjuðum við hvert fót mál. Við urðum þess áskynja í þessari ferð hvað Palestínumenn eru vel menntaðir. Það kom til dæmis fram í samtali okkar við lúterska biskupinn í Jerúsalem, sem einnig er biskup í Jórdaníu og framkvæmdastjóri Lúterska heimssambandsins. Við fengum tækifæri til að tala við þennan merka mann eftir páskamessu sem við sóttum hjá honum og við spurðum hvernig best væri að aðstoða Palestínumenn. Hann sagði að

„Ferðin til Ísrael og Palestínu er mér ógleymanleg og þegar ég nú rifja hana upp finn ég hvaða dýpt það hefur haft í persónulegu lífi mínu að hafa fengið að ferðast á þessar slóðir“

besta hjálpin væri aðstoð við að mennta fólkið. Menntun væri það eina sem ekki væri hægt að taka frá þeim.

Við gistum allar nætur í Jerúsalem nema tvær sem við eyddum í Nazaret. Í Jerúsalem dvöldum við í gömlu kaþólsku klaustri sem heitir Notre Dame de Jerusalem og er rétt við eitt hliðið að gömlu borginni. Fyrir ofan hótelið er nútímaleg og flott stórborg Ísraelsmanna en hana höfðum við minni áhuga á að skoða. Við vildum heldur sjá söguna, minjarnar og liðskráðugt mannlífið í gömlu borgunum. Fólk gerir sér yfirleitt ekki grein fyrir því hvað Ísrael er lítið land

og vegalengdir stuttar. Þess vegna er hægt að skoða stóran hluta Ísraels og Palestínu en eiga samt oftast náttstað í Jerúsalem. Við fengum að sjálfsögðu ekki að fara til Gaza-strandarinnar og borgin Herbron var okkur líka lokuð af því að Ísraelsku hermennirnir sem umkringja allar byggðir Palestínumanna höfðu frídag þann dag sem hentaði okkur. Palestínumenn ráða engu um aðgengi að sínum eigin svæðum – né heldur um brottför af svæðunum. Þegar maður gerir sér grein fyrir vegalengdum í þessu landi áttar maður sig betur á sögunum um ferðir Jesú og lærisveinanna og heimsóknir þeirra til þorpa sem á leið þeirra urðu. Þetta voru ekki margra daga ferðalög eins og á milli afskekktu býlanna hjá okkur á Íslandi.“

Augljóst misræmi á valdi

En ferðin var ekki einungis farin til að skoða hátíðir frá frumkristni heldur var margt annað gert og farið. „Í raun fetuðum við í fótspor Jesú Krists á staði sem getið er um í Nýja testamentinu en við leyfðum okkur þó líka að slæpast og baða okkur í Dauða hafinu,“ segir Anna Sigríður. Ein dagsferðin er henni þó minnisstæðari en aðrar. „Í borginni Nablus á Vesturbakkanum er að finna í kirkju nokkurri minjar um brunn Jakobs sem getið er um í Biblíunni. Auðvitað er mér minnisstætt að hafa séð þennan brunn en það sem gerðist í mannlífinu



Á Gaza glíma nánast öll börn við áfallastreitu í misríkum mæli. Þau hafa fengið hjálp hjá geðhjálparsamtökunum GCMHP, sem aftur fá hjálp frá bakhjörnum um allan heim – þar á meðal hér heima.



pennan dag situr meira eftir í huga mér. Okkur var boðið að skoða drengjaskóla sem Sameinuðu þjóðirnar reka í Balata-flóttamannabúðunum sem eru aðeins steinsnar frá brunninum. Í þessum flóttamannabúðum hafa þrjár kynslóðir Palestínaraba búið mann fram af manni frá árinu 1948. Skólinn var fátæklega búinn og ummerki um eyðileggingu Ísraelsmanna voru sýnileg en hann var nokkuð heillegur þó. Það sem hafði áhrif á okkur var einlæg hjartans gleði barnanna sem fögnuðu okkur innilega og dönsuðu og sungu fyrir okkur. Við fórum öll út í rútuna aftur grátandi yfir örlögum þessara barna og skorti þeirra á tækifærum. Allir komu úr þessari ferð með þungt hjarta. Við fréttum einnig að maður hefði verið skotinn við brunninn nokkru eftir að við höfðum verið þar. Nokkrir venjulegir borgarar sem voru rétttrúnaðargyðingar höfðu farið að brunninum og verið með ófriðsamlega tilburði. Þegar þeir svöruðu ekki við-vörðunum skutu palestínskir varðmenn á þá með þeim afleiðingum að einn lést og fleiri særðust. Það er óþægileg tilfinning að fréttu af svona atburðum á stað sem maður hefur rétt yfirgefið. Þetta

Getsemane garðurinn. Myndirnar með viðtalinu tók: Jóhann Páll Valdimarsson

mál mun hafa endað á þann veg að Ísraelsmenn samþykktu að gyðingarnir hefðu verið þarna í leyfisleysi á afgirtu svæði. Þetta var í eina skiptið sem við urðu vör við bein átök en auðvitað þurfum við eins og allir aðrir að stoppa við alla varðturna og gangast undir skoðun ísraelska varðmanna. Eitt sinn sá ég líka á bílastæði við Dauðahafið ísraelska hermenn vera að rótast eitthvað í ungum Palestínumönnum. Hvort þeir voru þarna í leyfisleysi kann ég ekki að meta en mér fannst óþægilegt að verða vitni að varnarleysi þeirra og niðurlægingu vegna þess augljósa misræmis sem þarna var á valdi.“

Trúarupplifun í Getsemene

Anna Sigríður segist hafa orðið fyrir tilfinningalegri upplifun í drengja-skólanum en í Getsemene-garðinum varð hún fyrir trúarupplifun: „Ég fann fyrir mikilli sorg í Palestínu en um leið samhygd eins og ég geri oft þegar ég

umgengst fólk sem er að fara í gegnum miklar þrengingar. Það sem snerti mig þó sterkast í Getsemene voru hin ævafornu ólífutré sem aldrei deyja heldur vaxa inn á við og gamli börkurinn færir til. Þarna fékk ég sömu tilfinningu og meðal húsanna í Jerúsalem og reyndi að ímynda mér hvaða sögu trén myndu segja ef þau hefðu raddir. Ég upplifði það afar sterkt að vera á stað þar sem Jesús beið þess sem varð, einmana og hræddur, meðan lærisveinarnir sváfu í kringum um hann. Það var sterkt að fara svona inn í föstudaginn langa. Ég held að Getsemene-garðurinn hafi haft jafn sterk áhrif á okkur öll þó að ekki væru allir þarna jafn sannfærðir í trúnni og ég. Saga staðanna sem við heimsóttum hafði sterk áhrif á okkur öll hver sem trúarsannfæring okkar var.

Það er merkilegt að hugsa til þess að á þessum slóðum þar sem eru svo miklar róstur á milli trúarbragða skuli fern trúarbrögð mætast og eiga sér heilaga staði. Þetta eru algjör trúarbrögðin þrenn; kristni, gyðingdómur og íslam en Múhameðstrúarmenn eiga í Jerúsalem mikla mósaikmosu með gylltri hvelvingu, Klettakirkjuna, en samkvæmt gyðingatrú og íslam er kletturinn staðurinn, þar sem Abraham ætlaði að förna syni sínum, Ísak, og þar sem Múhameð var hrifinn til himna á undrahestinum Burak. Þegar að heimsenda kemur, verður há sæti guðs sett á þennan klett. Einnig er að finna í Haifa mikið og stórt Baháfa-musteri en það er helgasti staður þeirra trúarbragða.“



Veggjakrot á ólöglegum múr Ísraels.



Klettamoskan í Jerúsalem

Tilbúnar aðstæður

Anna Sigríður segir að ótti og kvíði hafi verið meiri innra með henni áður en hún hélt í ferðina en eftir að hún var komin á áfangastað. „Átökin eru ekki beint áþreifanleg á þeim stöðum sem við heimsóttum, það er meira eins og maður skynji spennu í samskiptum fólks. En ég velti mikið fyrir mér þeirri vandasömu stöðu sem Ísraelsmenn og arabar eru í. Ég hef aldrei getað skilið þá ákvörðun að færa gyðingum þetta land á sínum tíma. Mér finnst það hafa verið dæmt til að mistakast á sama hátt og þegar kirkjudeildirnar voru að skipast upp í austur- og vesturkirkjuna sem leiddi til að búseta fólks varð að færast til sem var ein orsök fyrir stöðugum óróleika í löndum fyrrum Júgóslavíu. Þarna var

fólk sett í tilbúnar aðstæður, eins og gerðist í Ísrael, og tortryggnin var mikil á báða bóga og fór stöðugt vaxandi.

Mér finnst bókinn Morgnar í Jenín, eftir palestínska rithöfundinn Susan Abulhawa sem ég las einmitt í þessari ferð, vera afar góð og áhugaverð bók um skýrir stöðuna í landinu. Þar kemur vel fram hvernig þessi ákvörðun var dæmd til að mistakast og það var svo átakanlegt að hitta þessa litlu drengi sem eru af þriðju kynslóð fjölskyldna sem ekki hafa búið annars staðar en í flóttamannabúðum í algjörrí óvissu um framtíðina.“

Kærleikurinn sigrar að lokum

„Einn daginn hittum við ræðismann Íslands í Ísrael. Þetta var vefnaður karl og ekta gyðingur, ákveðinn og stoltur af

landinu sínu. Hann talaði mikið um hvað Ísrael hafi komið vel út úr efnahagskreppunni og hvað fjárhagurinn væri sterkur. Svo vildi hann endilega sýna okkur glæsilegar verslunarmiðstöðvar í Ísraelska hluta Jerúsalem. Í hópnum okkar var maður sem unnið hefur sem verkfræðingur við uppbyggingu skóla og spítala á Gaza-svæðinu. Þegar spurningar voru leyfðar spurði þessi maður út í samskipti Ísraelsmanna við araba. Þá horfðum við á manninn umhverfast fyrir augum okkar og heyrðum hann segja: „Það er alveg ljóst að Palestínumenn hafa ekki félagslegan þroska til að sjá um sig sjálfir.“ Svo einfalt var það og þurfti ekki að útskýra frekar. Ég man að á þessari stundu hugsaði ég að ég væri fegin að hafa ekki beðið með að heimsækja landið helga þar til friður kæmist á því að þess væri langt að bíða. Þetta er púðurtunna sem á kannski eftir að springa. Þetta er eins og að halda utan um sápastykki, í hvert sinn sem þér finnst þú sért búin að ná tökum á því þá smygur það út úr höndunum á þér. Samúð mín með Palestínumönnum raungerðist í þessari heimsókn vegna þess að þeir eiga undir högg að sækja.

Ég get ekki sagt að ég lesi Biblíuna með öðru hugarfari en áður en ég sé allt sem þar gerist mun betur fyrir mér. Heimsóknin breytti ekki trúarsannfæringu minni en ég skil betur hvað það var sem Jesús var alltaf að mótmæla á sínum tíma, öllum elítustéttunum, ójöfnuðinum og óréttlætinu sem þarna ríkti og ríkir enn, bara í annarri mynd. Á hinum himinháa múr sem umlykur byggðir Palestínumanna sáum við áhugavert veggjakrot þar sem stóð að á þessum stað hafi fyrir tvö þúsund árum fæðst friðarhöfðingi. Þegar ég sá þessa áletrun styrktist ég enn frekar í þeirri trú að ekkert nema kærleikurinn getur komið í veg fyrir að allt splundrist. En hvernig verður sá kærleikur til? Jú, við sáum hann hjá öllu því kærleiksríka fólki sem vinnur fyrir málstaðinn, til dæmis hjá amerískum hjónum sem reyna að finna leiðir til að hjálpa nýrnaveiku fólki á Gaza og hjá gríska tannlæknum Nick Ninos sem vinnur að sameiginlegri fótboltaíðkun barna af ólíkum uppruna. Kærleikurinn verður líka til hjá öllu því fólki á Íslandi sem lætur sig málið varða. Á þessum slóðum sjáum við sögu mannkyns í brennidepli. Við erum ekki friðsöm dýrategund, mennirnir, og við erum því miður mjög vantrúuð á að kærleikurinn geti sigrað.

En ferðin til Ísrael og Palestínu er mér ógleymanleg og þegar ég nú rifja hana upp finn ég hvaða dýpt það hefur haft í persónulegu lífi mínu að hafa fengið að ferðast á þessar slóðir“, segir séra Anna Sigríður Pálsdóttir að lokum.

Viðtal: Björg Árnadóttir



SOS Barnabörp reka starfsemi í Betlehem og í Rafah á Gasatrön . Þau hafa fengið stuðning frá FÍP.

Mótmæli í Ramallah

Þegar ég kom til Ramallah eftir nokkurra mánaða fjarveru varð ég á ný agndofa yfir hversu miklar byggingarframkvæmdir voru þar í gangi. Alls staðar rísa ný háhýsi og mörg þeirra eru falleg. (Arabar virðast hafa meðfædda gáfu í byggingalist, eins og sjá má af hvaða safnriti um byggingalist sem er). Uppgangurinn í byggingaframkvæmdum virðist vera góðs viti og staðfesta fullyrðingar Ísraela um að efnahagurinn á Vesturbakkanum blómstri. En þegar ég gætti nánar að dofnaði ákafi minn. Það fé sem varíð er í byggingu íbúðarhúsa fer ekki í að byggja upp verksmiðjur eða aðrar stofnanir sem skapa störf eða leiða til raunverulegs hagvaxtar. Þetta sýnir einungis að sumt fólk efnast jafnvel undir hernámi.

Ég var á leið í móttöku stjórnmálaerindreka. Ýmsir háttsettir aðilar í heimastjórn Palestínu og aðrir Palestínumenn af hærri stigum sóttu hana.

Ég heilsaði forsetisráðherra Palestínumanna, Salam Fayyad, með virktum og nokkrum hinna prúðbúna gesta og gæddi mér á krásunum sem í boði voru. Mér fannst engin spennan liggja í loftinu.

Engan hefði grunað að á þessari sömu stundu færu fram kröftug mótmæli í miðborginni. Þetta var byrjunin á miklu andófi sem enn sér ekki fyrir endann á.

Mótmælendurnir í Ramallah og öðrum bæjum og þorpum á Vesturbakkanum eru að mótmæla hversu dýrt er lífa og efnahagsörðugleikunum almennt.

Palestínskir fréttamenn sögðu mér að bensíverð á Vesturbakkanum væri næstum það sama og í Ísrael: Um það bil átta sjekelar á lítrann. Það samsvarar um átta dollurum á gallon í Bandaríkjunum eða 1,7 evrum á lítrann í Evrópu. Þar sem lágmarkslaun á Vesturbakkanum, um það bil 250 dollarar á mánuði, eru einungis fjórðungur af lágmarkslaunum í Ísrael er þetta svívirðilegt. (Í þessari viku lækkaði heimastjórn Palestínumanna verðið í flyti).



Eftir Uri Avnery



Úr miðborg Ramallah.

Ljós. Eldar Ástþórsson

Nýlega, á háttíðisdegi múslima, Eid al-Fitr, sem markar lok föstumánaðarins Ramadan, komu hernámsyfirvöld á óvart og hleyptu um 150 þúsund Palestínumönnum inn í Ísrael. Sumir héldu beint að ströndinni, sem margir þeirra höfðu aldrei séð áður, þó að þeir búi í innan við klukkutíma aksturs fjarlægð þaðan. Sumir heimsóttu heimkynni forfeðra sinna. En margir aðrir fylltust kaupæði. Svo virðist sem að margar vörur séu í raun ódýrari í Ísrael en á hinum fátæku hernumdu svæðum!

(Þess má annars geta að ekki var tilkynnt um neitt alvarlegt atvik þann dag.)

Mótmælin beindust gegn heimastjórn Palestínumanna. Það er ekki ósvipað hundi sem bítur í spýtu en ekki manninn sem heldur á henni.

Heimastjórnin getur í raun ekkert gert. Hún er bundin af Parísarbókuninni, efnahagslegum viðauka Oslóarsamkomulagsins. Samkvæmt þessari bókun heyrta hernumdu svæðin undir tollayfirráð Ísraels og Palestínumenn fá ekki að ráða neinu um sín eigin tollamál.

Amira Hass hjá Haaretz vísar í eftirfarandi aðstæður: Íbúar Gazastrandarinnar fá ekki að flytja út landbúnaðarvörur sínar, Ísrael nýtir sér vatn, málma og aðrar auðlindir á Vesturbakkanum; Palestínskir þorpbúar greiða mun hærra verð fyrir vatn en ísraelskir landtökumenn, fiskimenn á Gaza mega ekki veiða fisk utan við þrjár mílur frá ströndinni; Palestínumenn mega ekki ferðast um á aðalþjóðvegum, svo þeir

neyðast til að fara dýrar og tímafrekar krókaíðir.

En það er hernámið sjálft, fremur en nokkur höft, sem gerir allar raunverulegar umbætur ómögulegar. Hvaða erlendi fjárfestir myndi í nokkurri alvöru fara á svæði þar sem allt er háð duttlungum herstjórnar sem hefur allan hag að því að undiroka íbúana? Svæði þar sem sérhver andspyrna getur kallað á hrottalegar hefndaraðgerðir, eins og þegar skrifstofur Palestínumanna voru lagðar í rúst í „Aðgerð Varnarskildi“ árið 2002? Þar sem útflutningsvörur geta rotnað mánuðum saman ef ísraelskur keppinautur mútar embættismanni?

Hinarýmsuþjóðirgetastuttheimastjórn Palestínumanna fjárhagslega til að halda henni gangandi, en þær geta ekki breytt ástandinu. Því síður gæti það breytt miklu ef Parísarreglugerðin yrði afnumin, eins og margir mótmælendanna krefjast. Svo lengi sem hernámið er við lýði eru allar framfarir – ef einhverjar eru – skilyrðum háðar og tímabundnar.

Eftir sem áður er ástandið á Vesturbakkanum mun betra en ástandið á Gazaströndinni.

Vissulega var að nokkru leiti létt á herkvinni í kjölfar ársarinnar á „Tyrkneska skipaflotann“. Nú er hægt að flytja flest allar vörur inn á ströndina frá Ísrael, þó það sé næstum ekki hægt að flytja neitt út. Hafnarbannið er líka í fullu gildi.

Nýverið hefur ástandið hins vegar farið hraðbatnandi. Hundruð neðanjarðarganga sem liggja undir



Ljós. Eldar Ástþórsson

landamærum Egyptalands og Gaza veita í raun öllu inn, allt frá bílum til bensíns og byggingarefnis. Og nú, þegar Bræðralag múslima hefur tekið við völdum í Egyptalandi, má vera að þessi landamæri verði opnuð að fullu, en slíkt skref myndi breyta efnahagsástandinu á Gazaströndinni til muna.

Nabeel Shaath, fremsti palestínski erindrekin sagði mér í móttökunni að þetta gæti í raun staðið mjög í vegi fyrir sáttum milli PLO og Hamas. Hamas gæti viljað bíða þar til efnahagsástandið á Gazaströndinni er orðið betra en á Vesturbakkanum, svo Hamas ætti betri möguleika á sigri í palestínskum kosningum á landsvísi. Fyrir sitt leiti vonar Mahmoud Abbas að hinn nýi forseti Egyptalands muni sannfæra Bandaríkjamenn um að styðja Vesturbakkann og styrkja heimastjórnina í sessi.

(Þegar ég rifjaði upp fyrir Shaath þegar ég var við brúðkaupið hans í Austurlandahúsini í Jerúsalem, en það stendur núna autt, hrópaði hann „Við höldum að friðurinn væri rétt handan við hornið. Síðan þá hefur hann fjarlægst okkur æ meir!“.)

Þrátt fyrir efnahagserfiðleikana er myndin af Palestínumönnum sem varnarláusum og aumkunarverðum fórnarlömbum fjarri sannleikanum. Ísraelar vilja kannski ímynda sér annað, rétt eins og stuðningsfólk Palestínumanna víða um heim. En Palestínumenn hafa ekki misst kjarkinn. Samfélag Palestínumanna er líflegt og sjálfbært. Flestir Palestínumenn



Í október 2010 var Mariusjóðurinn stofnaður til heiðurs Maríu M. Magnúsdóttur hjúkrunarfræðings, helsta velgjörðarmanns neyðarsöfnunarinnar. Sjóðurinn var fyrsti styrktaraðili kvenna- og barnaverndarsamtakanna AISHA á Gaza og hefur stutt dyggilega við starfsemina síðan.

yad virðist heiðarlegur maður. Hann er menntaður hagfræðingur og fyrrum embættismaður hjá Al-Þjóðagjaldeyrissjóðnum. Hann er ekki stjórnmálamaður og ekki einu sinni meðlimur í Fatah. Efnahagsstefna hans kann að vera íhaldssöm en ég held ekki að það breyti miklu hvað varðar ástandið í Palestínu.

Fyrr eða síðar, og eflaust fyrr en síðar, mun reiði fátækra Palestínumanna beinast annað. Í stað þess að áfella heimastjórn Palestínumanna munu þeir snúa sér að raunverulega kúgaranum; hernáminu.

Ríkisstjórn Ísraels áttar sig á þessum möguleika og flýtti sér því að borga heimastjórninni hluta af því skattfé sem Ísrael skuldar henni. Annars gæti heima-stjórnin – stærsti vinnuveitandinn á Vesturbakkanum – ekki borgað starfsmönnum laun við mánaðarlok. En þetta er skammgóður vermir.

Binyamin Netanyahu heldur sig kannski við þá talsýn að allt sé hljótt á palestínsku vígstöðvunum, svo hann geti einbeitt sér að því að fá Romney kosinn og hræða Íran. Séu Palestínumenn að mótmæla Palestínumönnum sé það allt í lagi. Staðan í átökum Ísraela og Palestínumanna sé óbreytt. Ekkert mál.

En þessi talsýn er, ja, talsýn. Ekkert helst óbreytt í átökunum okkar.

Það er ekki aðeins að landtökuframkvæmdir haldi áfram á fullu skriði – þó hljótt fari – heldur eru hjólin líka að snúast Palestínumegin. Spennan eykst og einhvern daginn mun sjóða upp úr.

Þegar Arabíska vorið kemur loks til Palestínu verða helstu skotspónar þess ekki Abbas og Fayyad. Abbas er enginn Mubarak. Fayyad er algjör andstæða við Gaddafi. Það mun beinast að hernáminu.

Sumir Palestínumenn láta sig dreyma um nýja Intifödu, með friðsömum fjöldagöngum gegn táknmyndum hernámssins. Þetta kann að vera of mikil bjartσύni – Martin Luther King var ekki Arabi. En kröfugöngurnar í Ramallah og Hebron gætu verið vísir að því sem koma skal.

Það er enn sannleik að finna í gamla máltækinu um að átökin hér séu á milli ómóttstæðilegs afls og óbifanlegs hlutar.

Uri Avnery er ísraelskur friðaraktivisti, fyrrum hermaður, blaðamaður og stjórnmálamaður. Hann fer fyrir friðarsamtökunum Gush Shalom. Grein þessi birtist á vef samtakanna 15. september 2012.

Einar Steinn Valgarðsson þýddi.



Sjálfboðastörf í Palestínu 2013

Frá árinu 2002 hafa á fimmta tug sjálfboðaliða lagt sitt af mörkum með milligöngu Félagsins Ísland Palestína.

Þörf er á fleirum.

Á næsta ári mun félagið beina kröftum sínum að tveimur mikilvægum en ólíkum verkefnum: Ungmennastarfi í flóttamannabúðum og beinum aðgerðum gegn hernáminu.

Í New Askar flóttamannabúðunum rekur eldhuginn Amjad Madani félagsmiðstöð þar sem börn og unglingar læra á tölvur, setja upp leiksýningar og fást við annað sem gefur börnum á átakasvæði tækifæri á að vera áfram börn.

Undanfarin tíu ár hefur fjöldahreyfingin ISM veitt hernámi Ísraelsa mótspyrnu með friðsömum aðgerðum, svo áhrifamiklum að um munar í baráttu Palestínumanna fyrir frelsi.

Að lifa og hrærast í flóttamannabúðum eða láta að sér kveða í mótmælum gegn hernámi og landráni er líklega upplifun

án hliðstæðu, um það eru allavega fyrrum sjálfboðaliðar okkar sammála.

Sjálfboðastörf í suðrænum löndum byggja oft á að vinna störf sem heimamenn eru fullfærir um.

Palestína er undantekning.

Eins ómurlega og það hljómar, gera sjálfboðaliðar gagn með því einu að vera til staðar.

Ísraelskir hermenn hika við hrottaskap í viðurvist Vesturlandabúa og myndavéla þeirra.

Heimamenn skynja að umheiminum stendur ekki fullkomlega á sama, þrátt fyrir allt.

„Gríðarlega gestrisnir,“ eru orð sem sjálfboðaliðar hafa notað til lýsa kynnum sínum af Palestínumönnum þegar heim er komið og við tekur síðasta en ekki sísta hlið sjálfboðastarfsins: Að vera til frásagnar.

Félagið Ísland-Palestína aðstoðar fólk við að koma ferðasögunni á framfæri



Ísraelskir hermenn hika við hrottaskapinn í viðurvist Vesturlandabúa og myndavéla þeirra.

og er sjálfboðaliðum innan handar við undirbúning og eftirleik.

Áhugasamir eru hvattir til setja sig í samband gegnum vefinn, palestina.is.

Egill Bjarnason.

Ráðstefna um sniðgönguna gegn Ísrael

Helgina 12.–15. maí á þessu áru fóru tveir meðlimir félagsins Ísland Palestína á ráðstefnu í London um sniðgöngustefnuna gegn Ísrael. Markmið ráðstefnunnar var að fá sem flesta sem vinna að sniðgöngumálum í Evrópu til að koma saman og bera saman bækur sínar um sniðgöngumál. Ráðstefnan var fróðleg og gagnleg í alla staði og kom snemma í ljós að Ísland stæði framarlega í málefnum sniðgöngu. Risafyrirtækin sem styðja Ísrael hafa ekki herjað mikið á íslenskan markað og því eru vandamálin sem við glímum við umfangsminni. Þrátt fyrir það var horft til Íslands vegna aðferðanna sem við höfum beitt í sniðgöngumálum. Fundarmenn lýstu einnig yfir mikilli ánægju vegna viðurkenningar Íslands á sjálfstæði Palestínu.

Á fundinum var helst rætt um málefni fyrirtækja á borð við G4S, Veolia, Ahava, Mehederin og fleiri sem hafa átt viðskipti við Ísrael sem auka landrán þeirra og stór ísraelsk fyrirtæki sem herja á evrópskan markað. Sniðgönguhreyfingin í Evrópu er vel skipulögð og velur hún sér málefnið mjög gaumgæfilega. Ekki er ráðist á einstaklinga eða einstaka vörur heldur er meginmarkmið hennar að herja á þau stóru fyrirtæki sem vitað er að stuðli að auknu landráni í Palestínu og skýrar sannanir liggja fyrir um iðju þeirra. Þegar verkefnið er valin er farið vel yfir það hverju herferðin getur skilað en reynt er að tengja herferðina við þau vandamál sem fyrirtæki valda Palestínumönnum, til dæmis skorti á vatni. Reynt er að hafa aðgerðirnar það stórar í sniðum

að þær nái athygli fjölmiðla ásamt því að ná yfir sem breiðasta hóp af fólki til þess að fjöldi einstaklinga geti tekið þátt og sniðgengið vörur frá Ísrael. Einnig er reynt að fá fyrirtæki til að hætta að selja ísraelskar vörur og fá innflutningsaðila til að hætta viðskiptum við þau fyrirtæki sem herferðin beinist að.

Árangur

Herferðir sniðgönguhreyfingarinnar eru þó mismunandi eftir löndum, en með samvinnu er hægt að ná góðum þrýstingi á fyrirtæki sem versla við Ísrael. Lagalegur bakgrunnur er mjög mikilvægur í öllum herferðum hreyfingarinnar og hefur það sýnt góðan árangur þar sem oft er verið að brjóta alþjóðalög í viðskiptum við ólöglegar landræningjabyggðir.

Sniðgöngan hefur sýnt viðunandi árangur og hafa mörg fyrirtæki hætt við framkvæmdir á ólöglegum byggðum landræningja á palestínsku landsvæði. Veolia er gott dæmi þar sem kom í ljós að framkvæmdir þeirra í ólöglegum landræningjabyggðum voru brot á alþjóðalögum og tapaði fyrirtækið gríðarlegum fjármunum þegar önnur fyrirtæki hófu að sniðganga það vegna mannréttindabrota þess.

Sniðgöngan gagnvart Ísrael hefur verið að aukast jafnt og þétt frá því að ákall til sniðgöngu kom árið 2005 frá Palestinian Civil Society. Ákallið kom reyndar ekki bara úr einni átt heldur voru 170 samtök, pólitísk og ópólitísk, sem studdu þessa yfirlýsingu og hvöttu heiminn til að sniðganga Ísrael. Kveikjan að þessari baráttu var 9.júlí 2005 þegar Alþjóðadómstólinn í Haag úrskurðaði að aðskilnaðarmúr Ísraels, sem er að stórum hluta byggður inn á palestínsku landsvæði, væri ólöglegur og það beri að rífa hann niður.

Þrjú meginmarkmið

Sniðgöngustefnan hefur þrjú megin markmið sem byggja á mismunandi aðstæðum Palestínumanna; palestínskra flóttamanna, Palestínumanna sem búa við hersetu og svo Palestínumanna sem búa í Ísrael.



Markmiðin eru:

Að Ísrael hætti hersetu sinni og landráni á öllu landi araba sem hernumið var í júní 1967 og rífi niður aðskilnaðarmúrinn

Ísrael viðurkenni og virði grundvallarmannréttindi Palestínumanna með ísraelskan ríkisborgararétt að jöfnu við aðra ríkisborgara

Að Ísrael virði, verndi og virði rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til síns heima eins og að ályktun Sp númer 194 segir til um.

Sniðgöngustefna skilaði góðum árangri í S-Afríku á tíma aðskilnaðarstefnunnar. Ísrael er ríki sem ástundar kynþáttaaðskilnað (apartheid), brýtur mannréttindi daglega og hunsar alþjóða- og mannréttindalög. Barnasáttmáli Sp er ítrekað brotinn og virðist ísraelska ríkið ekki hafa neinn áhuga á því að breyta rétt og framfylgja alþjóðalögum. Á meðan Ísrael heldur þessu áfram þá verður almenningur að þrýsta á sín stjórnvöld um að sniðganga Ísrael og einnig að sniðganga vörur frá Ísrael! Með samheldnu átaki náum við góðum árangri!

Þær vörur sem helst standa Íslendingum til boða og koma frá Ísrael eru Kings vörur sem fást í stærri verslunum á Íslandi, Jaffa appelsínur, verkfæri einsog málbönd og svo mikill fjöldi af snyrtivörum m.a. Volare sem framleiddar eru úr Dauðahafinu í landræningjabyggðum.

Fleiri upplýsingar um sniðgöngustefnuna má finna á heimasíðu BDS, www.bdsmovement.net



Eftir Yousef Tamimi

25 ára friðarbarátta

Framhald af forsíðu.

unum, Thor Thors, sem lagði fram til-lögu þess efnis en hann hafði starfað í undirbúningshópi um málið. Fleiri stórir atburðir hafa gerst á þessum degi og þar ber hæst í okkar augum að Alþingi, fyrst vestrænna þjóðþinga, samþykkti Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki árið 2011.“

Stofnun félagsins var afar vel tekið en undirtektir hafa samt farið stöðugt batnandi. „Í mörg ár var félagafjöldi um hundrað manns en er nú um sjö hundruð. Þessir félagar hafa smám saman bæst í hópinn en líka í stökkum því vaxtartímabil eru þegar hernámsliðið gengur fram með mestri grimmd gegn Palestínumönnum. Á slíkum tímum taka fleiri afstöðu,“ segir Sveinn Rúnar og bætir við að sennilega njóti málstaður Palestínu hvergi meiri samúðar en hér á landi. „Í Noregi er samstöðustarfið kannski mun öflugra en hér en fjöldafylgið er örugglega meira hér auk almenns stuðnings stjórnmalamanna. Það hefur ekki gerst í öðrum löndum að ályktun þjóðþings um sjálfstæði Palestínu sé samþykkt mótakvæðalaust. Þetta var heldur ekki í fyrsta skipti sem Alþingi tók afstöðu í fullkomnu samræmi við stefnu FÍP því það gerðist líka 18. maí 1989 þegar samþykkt var samhljóða þingsályktun

um sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar, tilverurétt Ísraelsríkis og rétt palestínsks flóttafólks til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna.“

Langvinnu hernámi verður að linna

Fyrsti formaður félagsins var séra Rögnvaldur heitinn Finnbogason. Sveinn Rúnar segir um forvera sinn í formannsstól: „Hann var í hópi þeirra sem sérstakan áhuga höfðu á Mið-Austurlöndum og var vel að sér um menningu, sögu og trúarbrögð þessa heimshluta. Eftir Rögnvald liggur meðal annarra ritverka bók um ferð okkar til Palestínu árið 1990, Jerúsalem - borg hinna talandi steina. Ég vil líka minnst á annan stjórnarmann á fyrstu árunum sem var afar ötull, Elías Davíðsson ritara félagsins. Hann var gyðingur sem fæddist í Palestínu áður en Ísraelsríki var stofnað en flutti hingað til lands um tvítugt. Elías snerist smám saman gegn sionisma til stuðnings réttindabaráttu Palestínumanna. Sjálfur var ég varaformaður á þessum tíma en hef nú verið formaður í tæp tuttugu og tvö ár. Við höfum lengstaf haft stórar stjórnir svo að það er margt fólk sem hefur tengst félaginu sterkum böndum á þessum árum.



Félagið starfar á grundvelli samþykktu SP um Palestínu og er hluti af tengslaneti frjálsa félagasamtaka þó að við höfum ekki verið dugleg að senda fulltrúa á alþjóðlegar ráðstefnur. Upphaflega var félaginu ætlað að stuðla að réttlátum friði og efla menningartengsl við báðar þjóðirnar. Ástandið í landinu hefur þó þróast á þann veg að félagið er fyrst og fremst samstöðufélag með Palestínumönnum. Það er forgangsatriði fyrir því að hægt sé að hafa jákvæð samskipti við báðar þjóðirnar að því langvinna hernámi sem palestínska þjóðin býr við linni. Nú á dögum er mikill áhugi fyrir því að beita Ísrael efnahagsþvingunum með því að sniðganga vörur, fjárfestingar og menningarleg samskipti og beita Ísraelsmenn refsiaðgerðum til að knýja stjórn þeirra til að láta af ofbeldi gagnvart nágrönnum sínum.“

Neyðarsöfnun og hjálparstarf

Aðspurður um hverju félagið hafi helst áorkað svarar Sveinn Rúnar að um það hafi verið skrifuð lærd ritgerð í Háskóla Íslands. „Þar var skoðað sambandið á milli starfsemi félagsins og þróunar í almenningsáliti og félaginu þakkað gjörbreytt almenningsáliti í þessu máli hér á landi. Fyrir fimmtíu árum var hér einhliða stuðningur við Ísrael. Mikil samúð ríkti með gyðingum en fáir veltu fyrir sér upprunalegum íbúum landsins. Þetta hefur gjörbreyst á sama tíma og félagið hefur starfað. Ég held þó að ekki sé hægt að þakka félaginu þessa breytingu þó að einhvern þátt eignum við kannski í henni. Ég held að fréttaflutningur af framferði Ísraelsstjórnar hafi þarna mest að segja.



Samúðin með Palestínumönnum hefur vaknað við að sjá hernum beitt gegn óvopnuðum íbúum herteknu svæðanna. En stór hluti af starfi okkar í árunna rás hefur hins vegar snúist um að auka skilning Íslendinga á ástandinu. Við skrifum í fjölmiðla og heimsækjum klúbba og skóla til að fræða og þegar tækifæri gefast höldum við mótmælafundi. Við höldum einnig úti blaðauðgáfu, kvikmyndasýningum, seljum vörur frá Palestínu og höldum vinsælar samkomur þar sem er í boði er arabískur matur og menning. Síðast en ekki síst erum við með svokallaða neyðarsöfnun þar sem safnast fé til hjálparstarfs í Palestínu. Allt fé sem kemur í þann sjóð rennur óskipt til hjálparstarfsins en í öll þessi ár hefur ekki króna af söfnunartekjum farið í rekstur félagsins. Með söfnunarfénu höfum við stutt við bakið á fjölmörgum aðilum í Palestínu eins og rakið er á síðum þessa blaðs. Neyðarsöfnunin rennur líka til smá ferðastyrkja til sjálfboðaliða sem fara frá tveimur vikum upp í nokkra mánuði til starfa á herteknu svæðunum. Íslenskir sjálfboðaliðar hafa unnið fyrir læknishjálparnefndirnar (PMRS) undir forystu dr. Mustafa Barghouthi og heilsustarfsnefndirnar (The Union of

Health Work Commitees) sem starfa bæði á Vesturbakkanum og Gaza. Við höfum stutt barna- og unglingastarf á þeirra vegum í Rafah og einnig sjúkrahús í flóttamannabúðunum í Jabaliya en það er svæði þar sem sprengjur falla iðulega yfir Palestínumenn. Eitt aðalverkefnið okkar er samt að styðja við konur sem orðið hafa fyrir hvers kyns ofbeldi. Þar höfum við verið í samstarfi við samtök í líkingu við Stígamót og Kvennaráðgjöfina og stutt samtökin AISHA en sú skammstöfun þýðir „sú sem lifir af“. Í tengslum við það verkefni var Mariusjóðurinn stofnaður í Gazaborg þann 10. október 2010 í nafni Maríu Magnúsdóttur, langöflugasta stuðningsmanns neyðarsöfnunarinnar. María var þá 94 ára gömul en hún starfaði sem hjúkrunarkona í London í hálfu öld. Einnig hafa íslenskir sjálfboðaliðar verið við kennslustörf hjá Project Hope í borginni Nablus og nokkur hópur hefur starfað með ISM, alþjóða samstöðu hreyfingunni.

Það er óskaplega mikilvægt að Íslendingar fari til Palestínu, sjái ástandið með eigin augum og miðli af reynslu sinni þegar heim er komið. Ég minnst sérstaklega eins manns sem fór í kyn-

isferð á vegum NATÓ, Árna Ragnars Árnasonar heitins en hann var þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hann hafði tiltölulegar ómótaðar skoðanir þegar hann fór en varð gagntekinn af því sem hann upplíði og skrifaði heil ósköp um þetta mál, mest í Morgunblaðið en margar greinar birtust einnig í Frjálsri Palestínu. Borgþór Kjærnested hefur skipulagt ferðir Íslendinga til Palestínu og hafa þær oftast en einu sinni leitt til beins stuðnings við hjálparstarf.

65 ár eru liðin frá skiptingu Palestínu og 45 ár sem allt landið hefur verið hernumið. Grimmín sem einkennir hernámið fer stöðugt vaxandi og upp á þetta horfir heimurinn að mestu aðgerðarlaus. Það er eins og Ísraelsríki sé hafið yfir lög og rétt og þurfi ekki að hlíta alþjóðalögum og samþykktum Öryggisráðsins. Ísraelsmenn hafa lengi litið á SP sem óvin sinn þrátt fyrir að eiga þar mjög öflugan talsmann sem eru Bandaríkin. Ísraelsmenn hafa jafnvel látið að því liggja að þeir hafi neitunarvald hjá SP vegna þess hve sterk tök þeir hafa á Bandaríkjamönnum. Á meðan þessu er svona háttað er erfitt að ná fram breytingum fyrir tilstuðlan SP jafnvel þótt yfirgnæfandi meirihluti sé meðal þjóða



Á nýliðnum árum var félagið í samstarfi við Össur Kristinsson og fyrirtæki hans, OK Prosthetics, við að smíða gervifætur á fórnarlömb Ísraelshers og aðra sem misst hafa fótleggi vegna sjúkdóma eða slysa.

heims um ólögmæti hernámsins og landránsins sem fer jafnt og þétt vaxandi á Vesturbakkanum.

Hér á landi hefur margt hjálpast að við til að halda Palestínumálinu vakandi. Oft er þögnin þó þrúgandi og það á við núna, meðan atburðirnir í Sýrlandi, Lýbíu og Egyptalandi eru í brennidepli. En félagið – og þjóðin öll – má vera stolt af ályktun Alþingis í fyrra. Þá heyrði ég ótal manns segjast vera stolt af Alþingi og utanríkisráðherra. Það er ekki ónýtt að upplifa það að okkar fólk er það eina sem þorir að taka afstöðu með réttlætinu. Aðrar Evrópuþjóðir vita að það er réttur Palestínu að fá viðurkenningu á sjálfstæði sínu en þær láta undan þrýstingi Ísraels- og Bandaríkjamanna og Evrópusambandið tekur þátt í því. Jafnvel hin Norðurlöndin bregðast í þessu máli. Þetta er þeim til skammar og vonandi rífa þær sig upp úr þessu.“

Friðarumræður og vaxandi ofbeldi

Margt hefur gerst í Palestínu á þeim tuttugu og fimm árum sem félagið hefur starfað. Þar ber náttúrulega hæst að fyrri Intifadan braust út aðeins tíu dögum eftir stofnun þess. „Þetta voru gjörsamlega friðsamleg mótmæli,“ segir Sveinn Rúnar. „Þetta voru krakkar að kasta grjóti á átt að hernum og var svarað með skriðdrekum og hermönnum sem skutu á þá. Ungt fólk fékk skot í bakið þegar það hljóp burt og fleiri hundruð eru mænusköðuð og lömuð eftir það. Sum vopnanna sem notuð hafa verið á Palestínumenn eru ólögleg, meðal annars fosfórspengur sem minna helst á napalm-sprengjurnar í Víetnam.

Fyrri Intifada stóð frá 1987 til 1991 en í október það ár hófust friðarviðræður sem kenndar eru við Madrid. Þá má segja að uppreisnin hafi lognast út af en þó ekki algleg. Ég fór í fyrstu ferð mína af morgun til Palestínu í maí 1990 með sr. Rögnvaldi Finnbogasyni, í sama mánuði og Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra fór fyrstur vestrænna þjóðarleiðtoga á fund Arafats forseta sem þá var útlagi í Túnis. Madrídarviðræðunum lauk hins vegar aldrei en á bak við tjöldin var gerð hin svokallaða Oslóar-yfirlýsing sem undirrituð var í Washington 13. september 1993. Formanni samninga-nefndar Palestínumanna í Madrídarviðræðunum, dr. Haidar Abdul Shafi,



sem ég naut forréttinda að kynna, leist strax illa á Oslóar-samkomulagið og varaði Arafat við. Þetta vissi ég ekki fyrr en tíu árum síðar. Í félaginu gátum við ekkert annað gert en að styðja það sem forysta Palestínumanna stóð fyrir. Fyrst þeir virtust sjá í þessu friðarvon þess okkur að fagna því og styðja.

Eftir á að hyggja virðist Oslóar-samkomulagið ekki hafa leitt til góðs því ástandið hefur haldið áfram að versna. Landránið eykst og landtökufólki fjölgar. Landránið sem er algjörlega ólöglegt gerist á mestum hraða á tímum þegar samningaviðræður standa yfir. Þá er eins og verið sé að flýta sér að taka sem mest af landi Palestínumanna. Dr. Abdul Shafi var á því að hætta viðræðunum fyrst Ísraelsmenn fengjust ekki til að hætta landtökunni sem var jú þvert á markmið samninganna. Viðræðum var samt haldið áfram og Oslóar-samkomulagið varð til á laun.

Ástandið á Vesturbakkanum og Gaza nú

Ég fór aldrei til Palestínu á árunum sem kölluð voru Oslóarárin, 1993-2000, heldur fór ég næst í október 2000 þegar síðari Intifadan hófst. Hún var ekki eins friðsamleg og sú fyrri þó að hún hafi byrjað sem friðsamleg mótmæli. Í þetta sinn voru Palestínumenn, sérstaklega hópar þeirra, tengdir stjórnmálafylkingum, farnir að láta til skarar skríða með aðferðum skæruleika sem varð afar umdeilt meðal Palestínumanna sjálfra. Arafat var til

dæmis mjög á móti síðari Intifada og ég held að hann hafi haft mikið til síns mál þegar hann sagði að hún væri tæki sem Ísraelsmenn notuðu til að réttlæta sífellt grimmilegri árásir á íbúa herteknu svæðanna. Á ferðum um Palestínu finnur maður fyrir ófrelsi hernámsins, farartálum og innilokun, þetta versnar stöðugt. Fyrir tuttugu árum var ekkert mál fyrir mig að fara frá Jerúsalem til Gazaborgar. Reyndar urðu herflokkar á vegi mínum og ég var kannski stoppaður til eftirlits en það var langt frá því eins lokað og það er í dag. Nú þarf helst að fara til Egyptalands til að komast til Gaza og jafnvel það er erfitt.

Á Vesturbakkanum hafa líka orðið breytingar síðustu árin. „Checkpoints“, sem eru orðnir stærri og tæknivæddari, eru ekki lengur kallaðir „checkpoints“ heldur „terminals“ eins og á flugvöllum. Herinn er allt umlykjandi og yfir honum er leyniþjónustan. Þar hefur líka orðið sú breyting, sem er mjög umdeild meðal Palestínumanna, að ný gerð af palestínskri lögreglu hefur orðið til í öllum borgum, lögreglusveitir sem þjálfaðar eru í Jórdaníu í tengslum við bandarísku leyniþjónustuna og í samvinnu við þá ísraelsku. Þetta er orðinn helsti ásteytingarsteinn Fatah og Hamas. Þegar ég var í Nablus fyrir þremur árum heyrði ég fólk segja: „Nú erum við komin með palestínskt hernám á daginn og ísraelskt á nóttunni.“ Þessir nýju, svartklæddu og vopnuðu lögreglumenn handtaka Palestínumenn líka af



pólitískum ástæðum, ekki síst liðsmenn Hamas og þá sem grunaðir eru um að fylgja þeim. Svo standa Ísraelsmenn vaktina á nóttunni og ráðast þá gjarnan inn í borgir og ræna fólki. Fyrir um ári eftirlét Ísraelsher palestínsku lögreglunni borgina Nablus allan sólarhringinn og ræðst nú þar inn í samráði við palestínu lögregluna. Þessi öryggissamvinna, sem kölluð er, er hluti af hernáminu. Þetta er kallað að byggja upp „infrastrúktur“ eða innri gerð samfélagsins og er lítið mjög jákvæðum augum af Evrópusambandinu og Bandaríkjaþjórn. En þetta hefur ekki fært Palestínu nær friði við Ísrael. Þar er mjög langt í land.

Atvinnuleysi er mikið, bæði á Vesturbakkanum en ekki síst á Gaza því að Ísraelsmenn leyfa ekki útlutning á framleiðsluvörum Palestínumanna og sjá til þess að viðhalda orku- og hráefnisskortri sem kippt hefur fótunum undan landbúnaði, fiskveiðum og iðnaði. Bæði þessi landsvæði eru í raun mjög gróðursæl þó að margir sjái þau fyrir sér sem hálfgerðar eyðimerkur. Ísraelski herinn sendir jarðýtur útbúnaðar klippum yfir ávaxtagarða Palestínumanna og ekkert er skilið eftir nema trjástubbar. Fiskveiðar hafa verið eyðilagðar með því að ógna fiskimönnum látlaut og takmarka þau svæði sem þeir geta sótt til fiskjar. Þannig er allt atvinnulíf í hers höndum í orðsins fyllstu merkingu. Á Vesturbakkanum þrengja landtökusvæðin sífellt meira að palestínskum borgum, þorpum og landbúnaðarsvæðum. Árásargirni landtökuliðsins fer vaxandi og daglega heyrast fréttir af árásum á börn jafnt sem fullorðna. Múrin eyðileggur líka landið og athafnafrelsið. Hann liggur í hlykkjum langt inn á svæði Palestínumanna, gjarnan á landbúnaðarsvæðin þar sem verkamönnum er hleypt inn á ákveðnum tímum og mega dvelja þar ákveðna stund. Ég hef séð fólk raða sér í langar

biðraðir eldsnemma á morgnana í von um að verða hleypt í gegnum múrinn þann daginn. Sums staðar eru rafnmagnsgirðingar með njónabúnaði. Þetta er algjörlega ólíðandi ástand og í raun lítið betra en á Gaza þó að á Gaza líði fólk almennan skort og þrengingar vegna innilokunarinnar og stöðugra árása. Alltaf er verið að senda á loft mannláusar morðvélar (drones) sem bera njónnatæki, sprengjur og stýriflaugar í senn. Þær eru notaðar til að sprengja upp og drepa fólk á aftökulistum en auðvitað slasast fleiri og deyja. Þannig er staðan og hún fer bara versnandi.“

Íslendingar hafa áhrif

Sveinn Rúnar er að lokum spurður hvort Félagið Ísland-Palestína hafi haft einhver áhrif á gang stjórnmála í Palestínu og hann kveðst hafa gaman af að fá að svara þeirri spurningu. „Á ferðum mínum hef ég ekki viljað skipta mér af pólitík svo að ég veit ekki hvað kom yfir mig í síðustu heimsókn minni þegar ég fór að tala um það við konur sem ég hitti, og þær voru ófáar, hvers vegna þær drifu ekki í að stofna kvennalista. Fyrir nokkru frétti ég svo að það væri einmitt að fara í gang slíkt framboð í Hebron. Þar á ég mjög góða vinkonu, Sahar Qawasmi, kvensjúkdómalækni sem gift er bæklunarskurðlækni og saman reka þau þar sérgreinasjúkrahús. Árið 2006 fór þessi kona, sem er mikill femínisti, í framboð og varð þingmaður Fatah.



Nú er ég spenntur að heyra um afdrif kvennaframboðsins í Hebron.

Þó að ég reyni að skipta mér ekki af stjórnmálum í Palestínu er ég samt ekkert að liggja á skoðunum mínum við ráðamenn þegar ég fæ tækifæri til að ræða við þá. Árið 2010 var ég einu sinni sem oftast staddur á Gaza og átti fund með Ismail Haniyeha á Gaza. Þetta er réttkjörinn ráðherra með öflugan þingmeirihluta á bak við sig en stjórn hans er hvorki viðurkennd af Evrópusambandinu né Bandaríkjamönnum og íslensk stjórnvöld hafa ekki heldur samþykkt þessi löglega kjörnu stjórnvöld. Þegar ég hitti Haniyeha á Gaza útskýrði ég rækilega fyrir honum að það væri forgangsatriði hjá okkur sem styðjum Palestínu að þjóðarsátt náist í landinu. Á meðan stríðandi fylkingar fara þar fram er okkur erfitt um vik.

Sveinn Rúnar segir að lokum að Palestínumenn upplifi oft að öllum sé sama um þá. „Fólk metur mjög mikils að útlendingar sækja land þeirra heim, sjái ástandið og vitni um það. Þess vegna skiptir félagið okkar og landið okkar, þó að hvorugt sé stórt, afar miklu máli. Við getum sent sjálfboðaliða, farið á vettvang og barið ástandið augum, sinnt pólitíkinni og lagt okkar á vogarskálar á alþjóðavettvangi. Markiðið er að Palestínumenn njóti sama réttar til frelsis og mannréttinda og allar aðrar þjóðir og að palestínskt flóttafólk fái að snúa heim ef það kjósi.“

Viðtal: Magnea Örvarsdóttir og Björg Árnadóttir



Um þessar mundir er safnað fyrir samtök eins og Stígamót, Kvennaathvarfið og Kvennaráðgjöfina sem styrkja konur og börn sem orðið hafa fyrir heimilis-ofbeldi, kynferðislegu eða öðru. AISHA eru ein þeissara samtaka. Reikningur Neyðarstöfnunar er 0542-26-6990, kennitala 520188-1349. Við þökkum stuðninginn.

Heimasíða félagsins er

<http://www.palestina.is>



Málgagn Félagsins Ísland-Palestína
2. tbl. 23. árg. – Nóvember 2012

Ritstjórn: Björg Árnadóttir og Hjálmtýr
Heiðdal.
Útlit og umbrot: Haukur Már Haraldsson

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína:

Sveinn Rúnar Hauksson, formaður
Björg Árnadóttir, ritari
Lára Jónsdóttir, gjaldkeri
Borgþór S. Kjærnested, varaformaður
Einar St. Valgarðsson, kvikmyndasýningar
Einar Teitur Björnsson, verslun
Eldar Ástþórsson, kynningarmál
Elva Björk Barkardóttir, kynningarmál
Egill Bjarnason, sjálfboðaliðastörf
Hjálmtýr Heiðdal, ritstjórn og útgáfa

Linda Ósk Árnadóttir, skólakynningar
Yousef Ingi Tamimi, sniðgöngumál

Póstfang:

Félagið Ísland-Palestína
Depluhólar 9, 111 Reykjavík
Sími: 895 1349
Heimasíða: www.palestina.is
Netfang: palestina@palestina.is

Félagið Ísland-Palestína

25 ára

afmælis- og samstöðuhátíð

29. nóvember á Hótel Borg.

Hátíðin hefst kl. 20

Ræðumenn kvöldsins:

Össur Skarphéðinsson
utanríksráðherra

Amay El Gharib
verkfræðingur frá
Gaza. Hún er nemi við
Alþjóðlegan jafnréttisskóla
við HÍ.

Sveinn Rúnar Hauksson
læknir, formaður FÍP

Á dagskrá
verða jafnframt

tónlist og önnur
menningaratriði.

Veitingar

Félagið Ísland-Palestína

Viðtakandi: